

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og þroskaþjálfafraeðin

- þegar börn eru vistuð utan heimilis

Nordisk Forum for Socialpædagoger

Útgefandi: Nordisk Forum for Socialpædagoger

Prentað hjá: Socialpædagogernes Landsforbund, Danmark

ISBN: 978-87-89992-13-6

Desember 2012

Ritstjórn: Ellen Galaasen, Mette Grostøl, Maud Wang Hansen, Inge Kvaran og Vagn Michelsen

Nordisk Forum for Socialpædagoger er samtök eftirfarandi fagfélaga á

Norðurlöndum:

Danmörk: Socialpædagogernes Landsforbund.

Finnland: Socialpedagogerna Talentia rf.

Færeyjar: Føroya Pedagogfelag.

Grænland: Perorsaausut Ilinniarsimasut Peqatigiiffiat (PIP).

Ísland: Þroskaþjálfafélag Íslands.

Noregur: Fellesorganisasjonen (FO) for barnevernpedagoger, sosionomer, vernepleiere og velferdsarbeidere.

Svíþjóð: Sveriges Kommunaltjänstemannaförbund, Vision.

Efnisyfirlit

1. Barnasjónarmiðið og sjónarmið barna

Í þessum kafla er fjallað um sjónarmið á börn og sjónarmið barna í starfi með börn og unglunga.

Hvað er góð æska? Hvaða augum er litið á börn og unglunga í jaðarhópum?

2. Megingreinar Barnasáttmálans

Í þessum kafla eru kynntar megingreinar Barnasáttmálans um vernd, þroskaferli og þátttöku sem og þær meginreglur og réttindi sem bæði þroskaþjálfum og starfsfólki þeirra staða, þar sem börn eru vistuð, ber skylda til að virða að fullu í daglegu starfi sínu sem þroskaþjálfar.

3. Staðreyndir um börn og unglunga sem vistuð eru utan heimilis

Í þessum kafla er ljósi varpað á kringumstæður barna og unglunga sem komið er í vistun og þau skilyrði sem börnin alast upp við. Ástæður vistunar, lengd tímabils og aðgerðir til aðstoðar.

4. Þátttaka barna og að hlusta á börn

Í þessum kafla er gerð grein fyrir norrænum reglum og leiðbeiningum ásamt þátttöku barna og því að á þau sé hlustað í daglegu lífi þar sem þau eru vistuð utan heimilis, möguleikum þeirra á þátttöku og að semja um ýmsa þætti, samspil fagfólks og barna og samspil barna á milli.

5. Bætt lífsgæði

Í þessum kafla er rætt um hvernig innra skipulag stofnana getur smám saman farið að hindra möguleika barna og unglunga til sjálfstæðra athafna. Líf með föstum ferlum, reglum og starfshefðum getur þróast í niðurnjörvaðar venjur á stofnun. Kynnt eru dæmi um hvernig hægt sé að móta hefðir sem samsvara þörfum og réttindum barna.

6. Þemu – valkreppur og vandamál

Í síðasta kaflanum er lokaumræða um hvernig munurinn er á milli hugsjóna og skilyrða í raunveruleikanum.

Hvað getur þroskaþjálfinn gert, við hvaða dæmi um valkreppu glímir hún?

Hvað bindur hendur hans? Kaflinn endar svo með spurningalista sem ætlaður er til rökræðna á vinnustöðum.

Barneøyne

Barn.

Jeg har sett i øynene dine.

Slik er det

jeg ennå tør synge.

Jeg har sett det uskyldige.

Slik er det jeg tar dine hender

og er ved å tro.

Din bjarte røst vil jeg kjenne

risle gjennom min egen,

sive ned i mørke

som dagningen ned i en natt

Ved deg tør jeg ennå håpe.

Over endeløs skam

står begynnelsens hellige lys.

Ennå en gang.

Einar Skjæraasen

Formáli

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er stjórnarskrá barna. Árið 2009 var 20 ára afmæli hans fagnað og langflest lönd heims hafa fullgilt hann. Barnanefnd SP lagði próf fyrir aðildarríkin á árinum 2010 til 2011 til að kanna hvernig ríkjunum gengur að hrinda sáttmálanum í framkvæmd en hún hefur eftirlit með því að markmiðum hans sé framfylgt. Nefndin gerir breytilegar kröfur til hinna ýmsu landa á grundvelli þess hvernig starfið með Barnasáttmálann gengur.

Langflest norræn börn eiga mikla möguleika á góðri og öruggri æsku. Það jafngildir þó því ekki að öll börn hafi það gott og séu ánægð með lífið. Í öllum norrænu löndunum er að finna börn sem búa við erfið uppvaxtarskilyrði. Bæði drengir og stúlkur geta átt mjög erfitt líf og glímt við mörg umfangsmikil vandamál. Þar á meðal má nefna illa meðferð, ofbeldi, skort á umönnun og vanhirðu, hegðunarerfiðleika og geðræn vandamál. Sumum börnum þarf að sýna sérstaka tillitssemi.

SP gagnrýna einkum stöðu barna í áhættuhópum á Norðurlöndum. Gagnrýnin snýst meðal annars um lækkun sakhæfisaldurs í Danmörku. Við það bætast óviðunandi aðstæður barna í búðum hælisleitenda og teygjanleg virðing fyrir réttindum barna. Barnasáttmálinn hefur lítilli sem engri fótfestu náð í Færeyjum. Skortur er á tölfræðilegum upplýsingum um að hvaða marki réttindi barna þar eru tryggð. Ekkert er til dæmis vitað um umfang fátæktar barna eða kynferðislegt ofbeldi gegn þeim í Færeyjum.

Grænlandingum er hrósað fyrir úrbótastarf sitt í málefnum barna og unglunga og samstarfið við UNICEF, en þó verður að líta á það í ljósi félagslegs geira í alvarlegri kreppu þar sem allt of mörg börn búa við slæmar aðstæður. Nefndin setur meðal annars spurningarmerki við það hvort andlegur stuðningur við börn og unglunga sé fullnægjandi.

Norðmenn eru meðal annars gagnrýndir fyrir að börnum og unglingum í Noregi sé ekki gerð fullnægjandi grein fyrir efni Barnasáttmálans. Börn og unglingar í áhættuhópum fá ekki þá hjálp og þann stuðning sem þau þarfnast. Það á til dæmis við um börn á flóttu án forræðismanna sem leita hælis, börn úr minnihlutahópum og börn sem verða að þola ofbeldi og misþyrmingar. Norðmenn eru líka gagnrýndir fyrir að hleypa börnum ekki nægilega að ákvörðunum um sín eigin mál.

Bæði Svíar og Íslendingar hafa fullgilt Barnasáttmála SP, líkt og önnur norræn ríki, en hann hefur hvorki verið felldur inn í sænska né íslenska löggjöf. Barnanefnd SP leggur það til við Svía að sáttmálinn fái stöðu sem sænsk lög og verði felldur inn í námskrár skóla. Ástandið á Íslandi er þannig að börn, sem dæmd hafa verið til

fangelsisvistar, geta þurft að sitja hana af sér meðal fullorðinna fanga eða á meðferðarheimili fyrir börn.

Barnasáttmálinn lifir ekki eingöngu í skugga löggjafar og stjórnskipunar í flestum löndum. Allt of fá börn þekkja til hans og þess vegna skiptir hann þau litlu máli. Þetta kemur þó einkum niður á börnum og unglingum í áhættuhópum. Eigi að draga Barnasáttmála SP um réttindi barna fram úr skugganum, verður fagmenntað fólk með ábyrgð á börnum að skuldbinda sig til þess að beita honum af djörfung í daglegu lífi.

Með börnum í áhættuhópum er átt við börn í fjölskyldum sem eru í áhættu, börn og unglinga með forsögu um vandamál, börn og unglinga sem alast upp í fjölskyldum með vandamál og börn og unglinga í hættu á þroskabraut sinni. Barnasáttmálinn fjallar um rétt allra barna til þess að njóta lágmarks grundvallarréttinda, að þroskast, að njóta verndar gegn hvers konar ofbeldi og ásælni og að hafa hönd í bagga með ákvarðanir varðandi það sem fram fer á heimilinu, í skólanum og í samfélaginu.

Nordisk Forum for Socialpædagoger (NFFS) hyggst með riti þessu leggja sitt af mörkum til þess að tryggja Barnasáttmálanum þann sess sem honum ber í starfi þroskaþjálfar. Við í NFFS eigum okkur þá framtíðarsýn að faggrein okkar og þeir sem við hana starfa hrindi sáttmálanum í framkvæmd og byggi sem þroskaþjálfar dagleg störf sín að málefnum barna og unglinga í áhættuhópum á meginreglum hans. Því fylgir einnig félagsleg og siðræn ábyrgð á því að varpa ljósi á stöðu barna og unglinga þegar hún samræmist ekki réttindum þeirra.

Í ritinu leggjum við aðaláherslu á starf þroskaþjálfar og fagfólks með börn sem vistuð hafa verið utan heimilis, með börn með félagsleg vandamál og erfiðar uppeldisaðstæður. Þau eru í mestri hættu þar sem þau hafa verið fjarlægð frá heimilum sínum og þekktu umhverfi.

Boðskapurinn er þessi:

- að réttindi barna, eins og þau eru kynnt í Barnasáttmála SP, skuli að öllu leyti felld inn í landslög og stjórnskipun landsins
- að börnum, sem komið hefur verið í vistun utan heimilis, skuli tryggð lögmæt réttindi sín á meðan á dvölinni þar stendur
- að öll norrænu ríkin skuli hafa sérstakan umboðsmann barna sem gætir þess að farið sé að ákvæðum Barnasáttmála SP
- að starfandi fagfólk sem ber ábyrgð á börnum sé skuldbundið til þess að framfylgja sáttmálanum og beita honum í daglegum störfum
- að stofnanir þær sem mennta þroskaþjálfar skipuleggi kennsluna þannig að tryggt sé að nemendur fái vitneskju um réttindi barna og færni til þess að framfylgja þeim.

Við berum upp margar spurningar, bæði í sjálfum köflunum og í lokin, og leggjum áherslu á að þær verðir ræddar af þér og starfsfélögum þínum. Við erum sannfærð um að þannig rökræður styrki og efli fagmennsku okkar allra.

Stjórnin, 26. október 2011

Kaaliina Skifte
Grænlandi

Laufey Elísabet Gissurardóttir
Íslandi

Marjaana Snabb
Finnlandi

Maud Wang Hansen
Færeyjum

Ellen Galaasen
Noregi

Yvonne Ahlström
Svíþjóð

Benny Andersen
Danmörku

1. Barnasjónarmiðið og sjónarmið barna

Í þessum kafla er fjallað um sjónarmið á börn og sjónarmið barna í starfi með börnum og unglingum. Hvað er góð æska? Hvaða augum er litið á börn og unglinga í jaðarhópum?

Barnasjónarmiðið

Skoða þarf hvernig sjónarhorn fólks gagnvart börnum og æskunni byggist á bæði hugmyndafræðilegum, fræðilegum og lögfræðilegum breytingum sem hafa sín áhrif á þroskaþjálfarafræðilegt starf með börnum og unglingum í áhættuhópum.

Hugtakið barnasjónarmið má skilja á mismunandi hátt og segja má að það hafi tvíráða merkingu. Vísindamaðurinn, þroskaþjálfinn eða þeir fullorðnu reyna að endurspeglja sjónarmið sem ekki er þeirra eigið. En þótt sjónarhornið sé barnsins, er það yfirleitt ekki haft með í ráðum við að setja sjónarmiðið fram eða endurspeglja það.

Því má segja að barnasjónarmiðið sé tilraun hinna fullorðnu til að setja sig inn í þær hugsanir og tilfinningar sem barnið hefur varðandi sjálft sig og líf sitt.

Þetta leiðir af sér tvenns konar áskoranir við kerfisbundna athugun. Í fyrsta lagi verður barnið miðlægt, ekki bara sem viðfang til skoðunar heldur sem þátttakandi, virkur sérfræðingur í eigin lífi. Í öðru lagi þýðir það að þroskaþjálfinn þarf, í tilraun sinni til þess að skilja barnið, að túlka og greina á ýmsa vegu það sem barnið segir og gerir.

Sjónarmið barnsins snýst um skilning barnsins sjálfs, hugmyndir þess og eigin frásagnir.

Barnasjónarmiðið er tilraun fullorðinna til þess að setja sig inn í þær hugsanir og tilfinningar sem barnið hefur varðandi sjálft sig og líf sitt.

Skilningur hinna fullorðnu, lýsing og túlkun á barninu ræður því hvernig við skiljum barnið og bregðumst við gagnvart því. Barnið er gert óvirkt með hugmyndum tengdum vísindum og kenningum sem gefa fastmótaða og fyrirfram ákveðna skoðun á þróun barnsins og þær stuðla að því að tengsl okkar við hvert einstakt barn rýrna. Ef við hins vegar lítum á barnið sem þátttakanda færum við því virkt hlutverk, jafnframt því að styrkja rétt barnsins.

Fræðileg afstaða

Það ræðst af vísindalegum viðmiðum okkar og því við hvaða hefðum við kjósum að tengjast, hvernig við veljum að skilja barnið og æskuna.

Margir halda því fram (Corsaro 1997, Qvortrup 1994, Prout 2005) að barnið og barnasjónarmiðið hafi ekki verið til staðar eða að minnsta kosti verið mjög takmarkað í allt of mörgum faggreinum, vísindalegum stefnum og samfélagslegri áætlanagerð og að skýra megi litla forgangsröðun barna með því að litið sé á æskuna sem fyrsta þrepið á tímabili umbreytinga.

Þá verður sjónarmið hinna fullorðnu það að meta börn og athafnir þeirra í ljósi þess að þau séu að undirbúa sig fyrir fullorðinsárin. Þetta sjónarmið ógnar gildi æskunnar, reynslu hennar og réttindum og börn verða jaðarhópur í samfélaginu. Framlag barnanna sjálfra í leik eða starfi í t.d. skólanum er þá ekki metið að verðleikum eða litið á það sem þátt í virku samfélagi.

Gagnrýni á sálfræði- og félagsfræðilegan skilning á börnum

Kenningar um þroskaferli, þarfir og stig hafa mótað skilning samfélagsins á börnum á sviði þroskasálfræði, ekki síst fyrir atbeina manna eins Sigmundar Freuds, Eriks H. Eriksonar og Jeans Piagets. Kenningar þessar eru altækar og samkvæmt þessum sjónarmiðum er barninu lýst sem ófullgerðri og vanþroskaðri mannveru.

Tvær meginstefnur hafa mótað sálfræðilega hugsun um barnið. Önnur er líffræðileg og byggist á því að litið er á þroskaferli þess sem eðlilega þróun. Hin stefnan byggist á því hvernig þættir úr frumbersku hafa afgerandi áhrif á þroskaferlið, til dæmis snemmtæk hlutlæg tenging eða ómeðvituð varnarviðbrögð. Báðar þessar stefnur standa fyrir hugmyndakerfi þar sem barnið hefur aðeins takmarkaða möguleika til þess að hafa áhrif á eigið þroskaferli.

Stefnur í hefðbundnum sálfræðiskilningi geta einnig leitt til ákveðinnar afstöðu í starfsemi þroskaþjálfra. Hugmyndafræðin hefur oft einkennst af greiningarlegri nálgun þar sem áhersla er lögð á reynslu æskuáranna sem ekki hefur verið unnið úr. Sálfræðikenningar hafa aðeins að takmörkuðu leyti gert ráð fyrir því að það hafi gildi í sjálfu sér að vera barn.

Hugtakið félagsmótun hefur verið leitt til hásetis í félagsfræðinni. Áherslan hefur einkum verið á tvær stefnur hvað varðar félagsmótun barnsins eða hvernig barnið mótast af samfélaginu. Önnur er sú að samfélagið móti sjálfsvitund barnsins með áhrifamætti sínum. Það gerist þannig að barnið tileinkar viðmið og kröfur

samfélagsins til þess að fullorðnast. Hin stefnan lítur svo á að félagsmótunin eigi sér stað þegar einstaklingurinn berst með samvirkniferli við að verða hluti af hópi.

Áhersla félagsfræðinnar á félagsmótun hefur einkennst af því að litið er á barnið sem óvirkt viðfang sem hefur lagað sig að samfélaginu, félagslegum viðmiðum og umhverfi sínu.

Þessar hefðbundnu kenningar taka ekki tillit til þess að barnið er líka virkur þátttakandi, að börn eru sjálfstæðir einstaklingar sem leggja á ýmsa vegu sitt fram til þroska síns. Þegar þroskaþjálfinn ræðir um börn og unglunga og biður þá um að íhuga sitt eigið líf, liggur í augum uppi að þeir hljóta að líta á barnið sem virkan einstakling og þátttakanda.

Hægt er að líta á þroskaferli barna sem samspil barnsins og umhverfis þess. Áhrifin er gagnkvæm, bæði frá umhverfi til barns og frá barni til umhverfis. Bronfenbrenner (1979) rannsakaði börn og varð meðal fyrstu manna til þess að gera uppreisn gegn fyrri rannsóknum á þeim sem hann áleit einkennast af staðreyndahyggju en líta fram hjá barninu sjálfu og æsku þess.

Meðfæddur persónuleiki barna og reynsla þeirra gerir einnig að verkum börnin taka virkan þátt í að greina sitt eigið umhverfi og lífsskilyrði með því að velja og taka þátt í að móta umhverfi sem er í samræmi við einstaklingseðli eða sérkenni hvers og eins og hægt er að fella að þeim. Það má sjá á því hvernig börn velja sér vini, afþreyingu í tómstundum og áhugamál, ásamt því sem þau velja sér sjálf í skólanum. Schaffer (1999) heldur eftirfarandi fram:

„Börn móta í hvert og eitt sinn reynslu sína á virkan hátt með því að ákveða einkenni þess umhverfis sem færir þeim besta tækifærið til ná því sem þau vilja ná. Umhverfið er þannig ekki bara eitthvað framandi sem hefur áhrif á barnið utan frá, það er snar þáttur í persónuleika barnsins sem samþættist sífellt meira í þroskaferlinu fyrir sakir þess sem barnið sjálft leggur af mörkum.“ (1999:469)

Það þýðir að félagslegur þroski barnsins er virkt ferli sem barnið tekur sjálft þátt í með því að velja og hafna. Börn meta, túlka og greina bæði félagslega þætti og aðra í umhverfi sínu. Með þessu sjónarmiði er litið á barnið sem virkt og að það beri sjálft ábyrgð á grunnverkefninu í þroskaferli sínu á grundvelli áhrifa af ýmsum stærðum og gerðum og að barnið hafi sjálft það verkefni að greina sjálfsmynd sína og hafa áhrif á eigið líf.

Sú reynsla sem barnið aflar sér í upphafi af því hvernig það er að vera með öðru fólki, ræður úrslitum um hvernig barninu tekst að leysa þetta verkefni. Barnið sækir upplýsingar og aflar sér reynslu um gagnkvæm samskipti við annað fólk með tengslum sínum og þeim sterku tilfinningalegu böndum sem myndast á milli

barnsins og forsjáraðila á fyrstu æviárum þess, meðal annars um það hvort öðru fólki sé treystandi, hvernig barnið tryggir sér hughreystingu og forðast að vera sniðgengið.

Langflest börn tengjast einum eða fleiri forsjáraðilum, burtséð frá gæðum umönnunarinnar. Börn sem þróað hafa með sér viðbrögð sem sýna óskipulagt og brenglað atferli við að tengjast öðrum vegna þess að þau hafa ekki aflað sér reynslu í því að mæta öðrum á eigin forsendum og að eigin frumkvæði, eru ekki bara óvirk fórnarlömb. Þau bregðast við á virkan hátt og atferli þeirra við að tengjast öðrum er skiljanlegt og virkar með tilliti til þeirra vandamála sem þau hafa reynslu af.

Þroskaferli barns sem þátttakanda og virkrar félagsveru í daglegu lífi

Sé litið á barnið sem virkan þátttakanda í sínu eigin þroskaferli, er það annað en að líta á þroskaferli barns sem annað hvort líffræðilegt eða sem afleiðingar utanaðkomandi áhrifa. Sommer orðar það svona:

„Þroski á sér hins vegar stað í gagnkvæmu ferli þátttakenda. Virkni einkennir með öðrum orðum færni, afstöðu barnsins til síns félagslega umhverfis. Smám saman mótast svo þau persónulegu tengsl sem nauðsynleg eru og sem þroskinn sprettur af.“ (1997:30)

Frá þessu sjónarhóli séð má halda því fram að þroski barnsins sé afleiðing gagnkvæmra samskipta fólks. Sá skilningur á þroska stangast þó bæði á við sálfræðilegar kenningar sem líta á barnið sem óvirkan móttakanda og kenningar um félagsmótun sem byggjast einkum á hugmyndum um aðlögun og mótun.

Stöðugleiki í umönnun og uppeldi ræður úrslitum um eðlilegan þroska persónuleikans

Þá ályktun má draga í ljósi rannsókna að stöðugleiki í umönnun og uppeldi ráði úrslitum um eðlilegan þroska persónuleikans. Jafnvel þótt kringumstæður séu hættulegar, eru ekki miklar líkur á að barnið verði fyrir tjóni af þeim völdum á meðan umhverfi þess er stöðugt og vissar fastar hefðir eru til staðar. Þar með má segja að vernd sé fólgin í samfellunni og því að hlutir séu fyrirsjáanlegir og að þessir þættir séu hlíf á tímum breytinga og óstöðugleika.

Endurtekning og fastar hefðir einkenna þó ekki aðeins líf barns innan fjölskyldunnar heldur eru dæmigerðir þættir á öðrum vettvangi, t.d. í leikskóla og skóla, þar sem barnið dvelst og mótar daglegt líf þess. Þroski, félagsfærni og aðild að samfélaginu byggist á hversdagslegu atferli barnsins og daglegri reynslu þess.

Vernd er fólgin í samfellunni og því að hlutir séu fyrirsjáanlegir og þessir þættir eru hlíf á tímum breytinga og óstöðugleika

Nýrri sýn á barnið og æskuna

Margir þeirra sem rannsaka börn halda því fram að síðan á áttunda áratug síðustu aldar hafi komið fram nýjar forsendur með rætur í auknum áhuga á barninu og æskunni og tengslum við það, bæði í pólitísku og vísindalegu samhengi. Þróunin sést á þeim málefnum sem þá voru efst á baugi, t.d. réttindi barna og alþjóðlegt barnaár SP 1979 en líka á því að sjónum var beint að illri meðferð á börnum og kynferðisofbeldi gegn þeim. Á ýmsum fagsviðum var það rætt hvernig skilja eigi og þróa áfram hugtökin *barn og æska*.

Þessi þróun leiðir til þeirrar mikilvægu breytinga að skoða þarf æskuna og félagsleg og menningarleg tengsl barna sem sjálfstæð fyrirbrigði en ekki hluta af heimsmýnd fullorðinna og með skilningi þeirra. James og James (2001) halda því fram að þrjár forsendur séu nauðsynlegar í sýn á börn, æskan sem félagsleg gerð, að það sé í sjálfu sér þess virði að rannsaka börn og að börn séu fullgildir félagslegir þátttakendur.

Þótt til staðar sé tilhneiging til nýrra forsenda til að skilja barnið og æskuna, beinist hún ekki að sögu æskunnar heldur fyrst og fremst að samfélagi samtímans, félagslegu samneyti og þeirri virkni sem barnið tekur þátt í og sinnir. Ef þroskaþjálfar eiga að geta skilið börnin sem félagslega þátttakendur, verða þeir líka að tileinka sér sjónarhorn þar sem þeir reyna að líta á virkni hvers barns fyrir sig sem tjáningu hinna ýmsu hliða persónuleika þess. Hægt er að skilja þroska barnsins bæði sem sameiginlegt og einstaklingsbundið ferli þar sem barnið er virkt gagnvart umhverfinu, atburðum og gagnkvæmum samskiptum sínum við aðra.

Þeir verða að rannsaka virka túlkun og úrvinnslu barnsins á umhverfi sínu en ekki að líta á aðgerðir þess til þess að laga sig að umhverfinu. Börn eru á þennan hátt virkir mótendur eigin sjálfsmyndar og koma því fram sem sjálfstæðir þátttakendur. Því má segja að sjálfsspeglun og virkar athafnir séu miðlæg einkenni hins hæfa barns. Það kallar á þátttakendasjónarhornið að sjá barnið sem hæfan einstakling.

Þátttakendasjónarhornið, sem segir barnið hafa virk áhrif á umhverfi sitt, stangast á við þann hugsunarhátt sem ráðið hefur ríkjum í félagsfræði og sálfræði tengdri börnum og æsku. Litið hefur verið á börn sem óvirka þátttakendur og þiggjendur gagnvart heimi hins fullorðna, eins eða fleiri. Það kallar á starfshættir þroskaþjálfara [/fagfólks](#) sem setja barnið í forgrunn sem félagslegan þátttakanda, að skoða hvernig börn hegða sér í umhverfi sínu og í tengslum við aðra í því samhengi sem þau búa við.

Þegar þannig takmark er sett í störfum þroskaþjálfna, kallar það á að sjónum sé beint að tengslum barna við umsjónarfólk þeirra og náin tengsl í daglegu lífi auk aðstæðna þar. Séð frá þátttakendasjónarhorninu er litið á barnið sem virkt viðfang í samspili við umhverfi sitt, þannig að það hefur bæði áhrif og verður fyrir áhrifum.

Æskan hefur farið í gegnum mörg breytingatímabil í póstmóðernísku samfélagi. Að baki þeim breytingum eru margir þættir á borð við stakmótun, nýir vettvangar og aukin réttindi barna. Þátttakendasjónarhornið hefur einnig breytt almennri sýn á börn og æskuna en frá því er litið á börn sem bæði þátttakendur og hæf í sínu eigin þróunarferli. Litið er á börn sem virka aðila með sjálfstæð réttindi, sem eiga í gagnkvæmum samskiptum við umhverfi sitt og eru þátttakendur í eigin mótum og félagsmótun.

Þroskaþjálfari verður að búa yfir þekkingu á réttindum barna, hafa afstöðu sem einkennist af því að viðurkenna bæði börn og unglinga sem hæft fólk og kunnáttu í að standa að varanlegum og jákvæðum breytingum til þess að geta skilið líf og heim barna og að starfa í þeirra þágu.

Starf þroskaþjálfna byggist á þessu og er mikilvægur grundvöllur þess að tileinka sér þessi sjónarmið. Í fagmenntun þroskaþjálfna felst siðræn krafa varðandi það að mæta börnum og unglingum. Sá eða sú sem stuðlar að eflingu barna og umgengst það sem viðfang verður að hafa það hugfast að reynsla og hugsanir barnsins sjálfs eru mikilvægasta forsendan fyrir starfi þroskaþjálfans þegar það mætir veröld sem oft byggist og velur sér önnur sjónarhorn.

2. Megingreinar Barnasáttmála SP

Í þessum kafla eru kynntar megingreinar barnasáttmálans um vernd, þroskaferli og þátttöku sem og þær meginreglur og réttindi sem bæði fagmönnum og fulltrúum þeirra staða þar sem börn hafa verið vistuð utan heimilis ber skylda til að virða að fullu í daglegu starfi sínu sem fagmenn.

Enginn sáttmáli Sameinuðu þjóðanna hefur verið fullgiltur af jafn mörgum ríkjum og Barnasáttmálinn. Aðildarríkin eru skuldbundin til þess að fella sáttmálann inn í þjóðarlöggjöf sína. Nefnd SP um réttindi barna hefur eftirlit með því hvernig aðildarríkin fylgja sáttmálanum eftir og þau eiga að skila nefndinni skýrslu á fimm ára fresti. Hún getur svo beðið ríkin um frekari upplýsingar um það hvernig sáttmálanum er framfylgt.

Réttindi barna

Í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna er því lýst yfir að börn eigi rétt á sérstakri umönnun og stuðningi.

Barnasáttmáli SP tryggir öllum börnum um heim allan sömu formlegu réttindin. Sáttmálinn gildir um öll börn undir 18 ára aldri, sama hvaðan í heiminum þau eru. Virða skal börn sem virka og sjálfstæða einstaklinga sem rétt eiga til verndar, þroska og meðákvörðunar varðandi samfélagið og ákvarðanir sem varða þeirra eigið líf.

Viðmið sáttmálans er sú meginregla að hagsmunir barnsins skuli alltaf fá forgang við allar ákvarðanir sem teknar eru og varða barnið. Meginreglan nær til löggjafar, opinberra áætlana og annarra almennra ráðstafana en einnig til einstakra ákvarðana og annarra aðgerða á borð við þær að vista barnið utan heimilis. Í sáttmálanum er einnig lýst rétti barna til þess að segja skoðun sína um öll mál sem varða það.

Aðildarríki sáttmálans skuldbinda sig til þess að tryggja:

- Grundvallarréttindi barna, fæðu, heilsugæslu og heimili
- Rétt barna til þess að þroskast með skólagöngu, tómstundum, leik og fræðslu
- Meðákvörðunarrétt barna, áhrif þeirra, þátttöku og tjáningarfrelsi
- Rétt barna til að njóta verndar gegn stríðum, ofbeldi, misbeitingu og misneytingu.

Börn eiga rétt á sérstakri umönnun og stuðningi

- Mannréttindasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Í sáttmálanum er að finna þær *endurteknu meginreglur* að samfélaginu beri að tryggja hagsmuni barnsins þegar ákvarðanir eru teknar (3. grein). Hið opinbera er skuldbundið til þess að samþykkja sérstakar reglur sem vernda barnið, þar með talið gegn hvers kyns mismunun (2. grein).

Meginreglan um vörn gegn mismunun þýðir meðal annars að leikskólum, skólum, fyrirbyggjandi ráðstöfunum og vistunarstaðnum ber skylda til þess að laga sig að barninu, einstaklingseðli þess og því gildismati sem barnið hefur með sér úr sínum eigin reynsluheimi.

Í 6. grein sáttmálans staðfesta þátttökuríkin að öll börn eigi eðlilegan rétt til lífsins og að ríkið skuli, að svo miklu leyti sem mögulegt er, tryggja að barnið nái að lifa og þroskast.

Í 12. grein er því slegið föstu að aðildarríkin (1) skuli tryggja hverju því, barni sem er fært um að tjá sín eigin sjónarmið, rétt til þess að segja skoðun sína óhindrað í öllum þeim málum sem varða barnið (2). Sjónarmið barnsins skulu metin í samræmi við aldur þess og þroska.

Með tilliti til þessa skal einkum gefa barninu tækifæri til þess að segja skoðun sína við alla málsmeðferð dómvalds eða framkvæmdavalds í málum sem varða barnið, annað hvort beint eða með aðstoð fulltrúa þess eða til þess bærrar stofnunar í samræmi við þær aðferðir sem lýst er í landslögum.

Barnið er í skilningi sáttmálans fullgildur borgari í samfélaginu og nýtur *borgaralegra réttinda*. Á það er lögð áhersla í fjölda greina að barnið eigi heimtingu á nafni og þjóðerni allt frá fæðingu og að grundvallar sjálfsmynd þess sé vernduð (7.-8. grein).

Börn eiga rétt á

- að tjá tilfinningar sínar og skoðanir
 - að afla sér upplýsinga, taka við þeim og miðla áfram
 - að ákveða og ástunda sín trúarbrögð
 - að ganga í félög eða stofna félög
- (13.-15. grein)

Vernda skal barnið gegn gerræðislegum eða ólöglegum afskiptum af einkalífi þess, þar með talin bréfaviðskipti á laun. Hið opinbera er skuldbundið til þess að tryggja barninu aðgang að upplýsingum frá miklu úrvali heimildarmanna, bæði innlendum og erlendum (16.-17. grein).

Hið opinbera er skuldbundið til þess að tryggja að foreldri eða forráðamaður barnsins beri aðalábyrgð á uppeldi þess. Því ber skylda til þess veita góð ráð og hjálpa til við það verkefni. Hinu opinbera ber einnig skylda til þess að vernda barnið gegn illri meðferð af öllu tagi af hálfu jafnt foreldra sem annarra og til þess að koma í veg fyrir hvers kyns misneytingu og að vinna gegn afleiðingum hennar, hafi ill meðferð átt sér stað.

Börn og unglingar í áhættuhópum

Þrátt fyrir þessar skuldbindingar eru til börn og unglingar sem ekki hafa það gott og sem getu búið við betra líf. Sum börn búa við slæm félagsleg skilyrði, í ósamstilltum fjölskyldum eða hjá foreldrum sem glíma við sálræna sjúkdóma, misnota vímuefni eða brjóta lög. Til eru börn með afar slæma reynslu af skólagöngu.

Þannig uppvaxtarskilyrði auka hættuna á að þessi börn og unglingar búi við einangrun og einmanaleika á fullorðinsárum, glími við geðræn vandamál eða sýni af sér andfélagslega hegðun. Sumir leiðast út í vímuefnanotkun og glæpsamlegt athæfi.

Oft þarf að grípa til snemmtækra, viðeigandi og samfelldra aðgerða vegna barna þessara, eigi ekki allt að fara á verri veg og enda með lífi í útjaðri samfélagsins. Snemmtækar aðgerðir draga úr líkum á því að vandinn aukist þannig að viðkomandi börn og unglingar lifi lífi sem mótast af erfiðleikum og skorti á menntun og störfum.

Sum börn spjara sig ágætlega, þrátt fyrir slæmar félagslegar aðstæður. Það á einkum við um þau börn sem hafa trú á eigin færni og getu til þess að sjá út yfir erfiðleikana. Síðast en ekki síst skiptir það þó gríðarmiklu máli að fá stuðning í félagslegu neti umhverfisins. Það getur verið leikskólakennari, kennari, frændi, amma, nágrannafjölskylda eða góður vinur eða vinkona.

Tengslanet barna er mikilvægt og getur haft úrslitaáhrif á það hvort barn eða unglingar í áhættuhópi velur rétta leið eða ranga.

Fjölskylduráðgjöf er til dæmis fyrirbyggjandi aðferð sem stuðlar að því að tryggja að barnið njóti stuðnings og handleiðslu og byggist á félaglega netinu.

Mjög margt er gert til þess að koma í veg fyrir að börn og unglingar í áhættuhópum, bæði andlegum og félagslegum, þróist í ranga átt.

Fyrirbyggjandi aðgerðir

Starf þroskaþjálfara felur í sér margþætt verkefni tengd forvörnum í daglegu lífi og til þess að bæta fyrir skort á félagslegri aðlögun barna og unglinga og að færa þeim nýja hæfni.

Forvarnarstarfið er margvíslegt og nær allt frá því að takmarka óæskilega þróun til þess að stuðla að æskilegri þróun. Forvarnaaðgerðir byggjast oft á forsögu þess barns eða unglings sem kominn er í áhættuhóp, en starf þroskaþjálfans byggist að jafnaði á báðum þessum sjónarmiðum.

Um getur verið að ræða starfsemi sem snýst um að heimsækja fólk í venjulegu umhverfi sínu eða veita börnum og unglingum í hættu stuðning. Unnið er með fjölskyldunni að því að breyta þeim aðstæðum sem ógnað gætu vellíðan og þroska barnsins. Um getur verið að ræða stuðning við foreldrana sem umsjáraðila eða að þeir fá fastan tengilið sem styður barnið og færir því úrræði.

Einnig getur verið um forvarnarstarf að ræða í leikskólum eða skólum, tilboð í formi heilsdagsskóla eða þjónustu að skóladegi loknum.

Fái börn að taka þátt í tómstundastarfi sem færir þeim tilfinningu fyrir að þau nái árangri, getur það komið í veg fyrir vandamál af ýmsu tagi.

Fyrirbyggjandi aðgerðir beinast gegn vandamálum sem þegar hafa komið fram. Það geta verið börn með sérþarfir hvað varðar umsjá, meðferð og uppeldi. Markmiðið með vistun fyrir utan heimilis getur því verið það að koma í veg fyrir að vandamál barnsins færist í aukana.

Mjög erfitt getur reynst að segja fyrir um síðari tíma vandamál og þannig að koma í veg fyrir þau. Þess vegna gætu bestu forvarnirnar ekki endilega byggst á sérstökum stuðningsaðgerðum og aðstoð heldur á því að samfélaginu takist að tryggja öllum börnum sem bestan þroska á fyrstu æviárunum. Almennt eru menn sammála um að snemmtæk íhlutun sé mikilvægasta ráðið.

Þar af leiðir að félagslegar forvarnaaðgerðir byggjast fyrst og fremst á því að tryggja barnafjölskyldum góð lífsskilyrði og að móta betri aðstæður fyrir börn sem dveljast á sólarhringsvistunarstofnunum en séu gæði þeirra nægileg, tryggja þau börnunum besta mögulega upphafið á langri ævi.

Það eru einnig félagslegar forvarnaraðgerðir þegar hæft og fært heilsugæslufólk heimsækir fjölskyldurnar á fyrstu æviárum barnsins með það fyrir augum að tryggja þeim góða byrjun á lífinu.

Aðildarríkin viðurkenna að öll börn eigi eðlilegan rétt til lífsins og að ríkið eigi að tryggja, eftir því sem mögulegt er, að það geti lifað og þroskast.

Þegar ekki tekst að koma í veg fyrir vandamál, annað hvort vegna þess að aðgerðir hafa ekki skilað árangri eða vegna þess að gripið var of seint til þeirra, eða þá að vandinn og lífsskilyrðin eru svo erfið að þroski og velferð barnsins er í hættu, ber hinu opinbera að grípa inn í og að koma barninu fyrir á fósturheimili eða stofnun.

Börn sem vistuð eru utan heimilis

Það er mjög alvarleg íhlutun og stórt mál að koma barni fyrir utan heimilis síns. Foreldrar barnsins bera ábyrgð á uppeldi þess og þeir eru forráðamenn þess. Foreldrar bera ábyrgð á því að annast barnið og það á rétt á umönnun og öryggi. Foreldrar eru að lögum ábyrgir fyrir barni, að veita því tilhlýðilega leiðsögn og handleiðslu í samræmi við vaxandi þroska þess og það skulu aðildarríkin virða (5. grein).

Ráði foreldrarnir ekki við það verkefni eða bregðast ábyrgð sinni, getur hið opinbera, á grundvelli þess hvað kemur barninu, hagsmunum þess og þörfum best, tekið við ábyrgðinni og vistað barnið á fósturheimili eða stofnun. Algengast er að það gerist þegar barnið glímir við alvarlega félagslega eða hegðunarlega örðugleika sem foreldrarnir ekki ráða við þegar barn býr hjá foreldrum sem ekki ala nægjanlega önn yfir því, eða eru sjúklingar eða fíklar.

Í öllum löndum heims eru börn sem búa við sérstaklega erfiðar aðstæður og þau þarfnast sérstakrar athygli

- *Yfirlýsing um félagslegar og lagalegar meginreglur um vernd barna og velferð*

Þegar börn eru vistuð utan heimilis til umönnunar eða meðferðar, ber hinu opinbera skylda til þess að kanna reglulega meðferð þess og allar aðrar aðstæður sem að vistinni lúta (25. grein) og að tryggja að barn, sem sætt hefur vanrækslu, notkun eða misnotkun af einhverju tagi, hljóti líkamlegan og sálrænan bata og aðlagist samfélaginu á ný (39. grein).

Stofnanir þar sem börnum skal veitt umönnun og vernd skulu starfa í samræmi við reglur sem þar til bær stjórnvöld hafa sett, einkum um öryggi, heilsuvernd og fjölda og hæfni starfsmanna, svo og um tilhlýðilega yfirumsjón (3. grein).

Barnið á rétt á því að búa hjá foreldrum sínum, nema sá aðskilnaður sé nauðsynlegur vegna hagsmuna barnsins. Það hefur rétt á því að halda sambandi við báða foreldra sína, búi það ekki með öðru þeirra eða þeim báðum. Hinu opinbera ber skylda til þess að koma þannig sambandi á að nýju, megi rekja aðskilnaðinn til aðgerða stjórnvalda (9. grein). Það skuldbindur þroskaþjálfar til þess að vinna með foreldrunum. Þeim ber að hlusta á foreldrana og hafa þá sem jafningja með í ráðum við ákvarðanir sem varða barnið og hvar það er vistað.

Þeir þroskaþjálfar, sem vinna á stað þar sem barn er vistað, sólarhringsvistunarstofnun, dvalarstað eða í vistun á einkaheimili, bera víðtæka ábyrgð á uppeldi barns eða unglings, menntun og umönnun. Þeir bera sérstaka ábyrgð á því að gæta réttinda barnsins í vistuninni og að hjálpa þeim áleiðis á lífsferlinum.

Börn skulu höfð með í ráðum og á þau hlustað. Það er kjarninn í sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

Í sáttmálanum er lögð áhersla á rétt barna til þess að taka þátt í almennum stofnunum samfélagsins og að vera með í þeim samfélögum barna sem þau búa í. Þetta er forsenda þess að börn og unglingar geti þroskast og lært.

Þau læra þannig hvernig samfélagið er byggt upp og hvernig taka skal þátt í því, með því að vera með. Hann snýst um hvernig hægt er að taka þátt í stofnunum samfélagsins, það er félagslegu fyrirkomulagi þess og skipulagi.

Hann gildir um öll börn en börn sem vistuð eru utan heimilis eru þó í sérstaklega viðkvæmri stöðu. Þau eru á útjaðrinum og er haldið frá samfélagslegri virkni og samhengi. Það veldur því að börnin eiga í erfiðleikum með að átta sig á skipulagi og fyrirkomulagi samfélagsins, alveg burtséð frá því hvort samfélagið á erfitt með að aðlagast þeim félagslega eða öfugt.

Mörg börn og unglingar hafa slæma reynslu af því að taka þátt í samfélaginu sem það utangarðsfólk á jaðrinum sem það er. Börn og unglingar sem skort hefur umönnun, sem hefur fundist sér ógnað eða litið niður á sig. Börn og unglingar sem átt hafa í erfiðleikum með að standa sig vel í samfélaginu, til dæmis í skóla og eru upp á kant við yfirvöld og reglur. Sum börn og unglingar glíma við geðræna sjúkdóma.

Það eru til börn og unglingar sem einu sinni treystu öðru fólki takmarkalaust en því trausti var brugðist eða það misnotað, því mætt með kulda, ergelsi, reiði eða andúð. Sum börn hafa verið rænd því dýrmætasta af öllu, kjarki sínum og möguleikum í lífinu.

Börn og unglingar sem alist hafa upp við svik, eiga af góðum og gildum ástæðum í erfiðleikum með samskipti sín við fullorðið fólk og það getur við verstu aðstæður komið niður á færni þeirra til að tengjast öðrum og eiga við þá samskipti allt til æviloka.

Það eru börn og unglingar sem hafa þörf fyrir áreiðanlegt fullorðið fólk sem getur veitt þeim fullnægjandi umönnun og verið þeim fyrirmyndir við að tileinka sér þau fullorðinshlutverk sem eru nauðsynlegur þáttur í þroskaferli þeirra.

En... ekki er nóg að hafa áreiðanlegt, raunsatt og trúverðugt fullorðið fólk. Það þarf einnig fagfólk sem hefur til að bera færni og þekkingu á því hvernig byggja skal upp að nýju sjálfstraust og sjálfsmat barna og unglunga, hvernig setja skal mörk og leysa úr ósætti. Fagfólk sem getur tekist á við ótta og reiði barnanna. Fagfólk sem ekki aðeins kann að setja sér meðferðarmarkmið og velja réttar aðferðir heldur getur líka skipulagt starf og námsferli sem færir börnunum möguleika á því að tengjast lífi sínu (á ný). Hugtakið „börn í vistun“ nær yfir stóran hóp mjög ólíkra barna með einstaklingsbundin einkenni en þau eiga þó það öll sameiginlegt að hafa búið við og búa við erfiðar og þungbærar aðstæður. Þau hafa sérþarfir sem kalla á að þeim sé sýndur stuðningur og tillit.

Sólarhringsvistunarstofnun eða félags- og uppeldisfræðilegur dvalarstaður ætti að vera staður þar sem barnið eða unglingurinn nær að þroskast. Það er staður þar sem þau geta verið með fullorðnum sem umgangast þau sem annað og meira en bara „vandamálabörn“.

Þeir sem mesta þörf hafa fyrir góða samskiptareynslu, samfellu og stöðugleika eru börn og unglingar sem búa við erfiðar aðstæður eða glíma við geðræn vandamál, hegðunarvanda, fíkn, námsörðugleika og þroskaskerðingu. Þessi hópur hefur þörf fyrir þroskaþjálfara sem geta boðið þeim sem öruggast umhverfi og að mestu án átaka, þroskaþjálfara sem sýna í verki að þeir eru fullorðið fólk, að þeim er annnt um börnin og hjálpa þeim áleiðis í lífinu.

Þau þurfa aðsetur þar sem þau geta varpað öndinni léttar, örugga höfn þar sem þau eru ekki stöðugt minnt á vandamál sín og alla ósigrana. Þar geta félagsleg vandamál barnanna og bakgrunnur þeirra verið leið til þess að móta samfélag barnanna innbyrðis sem kemur þeim að góðu gagni. Þau standa ekki ein, þau eiga nokkuð sameiginlegt með öðrum.

Verkefni og störf þroskaþjálfra/fagfólks

Það er sama hvort sólarhringsvistunarstofnunin eða dvalarstaðurinn er ramminn um einkalíf barnsins, skólagöngu og tómstundastarf eða hvort skólagangan og tómstundirnar eru í nærsamfélaginu, starfsemi þroskaþjálfra snýst alltaf um þátttöku barnanna og unglínganna í samfélagi án aðgreiningar og aðild þeirra að því.

Það er ekki sjálfkrafa hægt að yfirfæra erfiðleika barna í vistun á barnið sjálft, það þarf að líta á það í samhengi við það umhverfi sem barnið og unglíngurinn hefur verið í. Þroskaþjálfinn byggir starfið á skilningi sínum á þeim áhrifum sem erfiðleikarnir hafa haft á viðkomandi barn. Þegar fagaðilinn hefur áttað sig á því hvernig hegðun barnsins, erfiðleikar þess og þarfir kallast á við skort á umönnun, mismunun eða aðra umtalsverða örðugleika og eru leið þess til þess að takast á við möguleika sína, getur fagaðilinn byrjað að aðstoða barnið í núinu og til framtíðar.

Núið snýst um að tryggja sess barnsins í samfélagi án aðgreiningar. Það þýðir að:

- víkka út einstaklingsmiðaðar væntingar um það sem eðlilegt er,
- þróa félagslega fjölbreytni (margbreytileika),
- skapa forsendur fyrir félagslegri þátttöku og
- bæta lífsaðstæður barna og unglíngna í áhættuhópum.

Þetta gerir kröfur um færni á starfssviði þroskaþjálfans og ferli sem stuðlað geta að því að börn og unglíngar í áhættuhópum njóti betri aðstæðna í lífi sínu og uppvexti, færni og ferli sem geta:

- stuðlað að mótun samfélags,
- mótað einstaklingsmiðað samfélag,
- stuðlað að félagslegri þátttöku og starfsemi,
- mótað félagslegan vettvang og
- unnið gegn útskúfun og einangrun (aðskilnaði frá samfélaginu).

Þessi verkefni eru í góðum samhljómi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna en þau kalla líka á íhugun af hálfu þroskaþjálfans, gagnrýna sýn á stofnanaskipulagið, starfshefðir þess, reglur og aðferðafræði.

Það er verkefni fyrir þroskaþjálfra að hrinda sáttmálanum í framkvæmd og að fella meginreglur hans og staðla inn í starfshætti þroskaþjálfunar. Þroskaþjálfunin inniheldur sem faggrein grundvallarhugmyndir mannúðar og lýðræðis og styður við víðsýni, aukið lýðræði, valdeflingu og sjálfræði. Allt eru þetta gildi sem falla að meginreglum og stöðlum Barnasáttmálans.

En þroskaþjálfum ber ekki eingöngu skylda til þess að beita sáttmálanum í daglegu lífi. Siðferðileg skylda þeirra er að gera afleiðingar þess sýnilegar þegar yfirvöld uppfylla ekki kröfur sáttmálans vegna þess að það bitnar einkum á börnum í

áhættuhópum. Þess vegna ber þroskaþjálfum sérstök skylda til þess að gagnrýna það þegar réttindi barna eru fótumtroðin í hinni stóru kvörn stjórnkerfisins.

3. Staðreyndir um börn og unglunga sem vistuð eru utan heimilis

Í þessum kafla er ljósi varpað á kringumstæðum barna og unglunga sem komið er fyrir í vistun og þau skilyrði sem börnin alast upp við.

Ástæður vistunar, lengd tímabils og aðgerðir til aðstoðar.

Lífsskilyrði barna og unglunga

Langflest börn og unglingar á Norðurlöndum hafa það mjög gott og búa við velmegun í virkum fjölskyldum með einu eða tveimur foreldrum sem annast þau af kostgæfni. Foreldrar veita þeim ást og umhyggju og hafa áhuga á lífi þeirra, vellíðan og þroska. Þau ganga í skóla eða sækja sér aðra menntun sem allir hafa jafnan og ókeypis aðgang að. Yngri börn hafa aðgang að gæslu í samræmi við aldur sinn. Tímstundatilboð eru margvísleg og víða hægt að eiga félagsleg samskipti við jafnaldra sína. Flest börn og unglingar hafa það gott, bæði líkamlega og andlega, þau þroskast eðlilega og eru ánægð með lífið.

En þrátt fyrir öflugt velferðarsamfélag og háa lífsstaðla á Norðurlöndum eru samt sem áður til börn þar sem ekki líður vel. Rannsóknir og kannanir í Danmörku hafa árum saman leitt í ljós að um 15% barna og unglunga glíma við erfiðleika af ýmsu tagi. Þessi hópur á við það mikinn vanda að stríða að hann er sagður áhættu- eða jaðarhópur sem erfiðar uppvaxtaraðstæður hafa mótað og eru að móta.

Börnunum er lýst sem „börnum „í áhættu“ og þau eru flokkuð í mjúkan hóp „„barna með sérþarfir“ og tvo betur afmarkaða hópa, það er „börn í áhættu“ og kjarnahóp þeirra sem þegar hafa verið flokkaðir sem „„vandamálabor““. Í síðasttalda hópnum eru um 4% af öllum börnum 0-18 ára.

Aðgerðir til aðstoðar

Á Norðurlöndum öllum er að finna fyrirkomulag af ýmsu tagi til aðstoðar börnum og unglungum sem glíma við erfiðleika og þarfnast sérstaks stuðnings. Stuðningurinn er veittur eftir þörfum hvernar einstakrar fjölskyldu og hvers barns fyrir sig.

Um getur verið að ræða aðstoð af mjög fjölbreyttu tagi, allt frá smávegis stuðningi í sólarhringsvistun til fjölbreyttrar ráðgjafarþjónustu, alhliða fjölskyldumeðferðar og hvíldarvistunar hjá stuðningsfjölskyldum t.d. tvær helgar í mánuði.

Þau börn og unglingar sem mesta þörf hafa fyrir stuðning og/eða eiga fjölskyldu sem ekki getur veitt þeim fullnægjandi umönnun, eru vistuð utan heimilis. Á Norðurlöndum öllum er vistun utan heimilis íhlutun sem nýtt er til aðstoðar.

Hvers vegna eru börn og unglingar vistaðir utan heimilis?

Hér eru dregnar saman upplýsingar úr dönsku rannsóknayfirliti yfir fjölskyldusögu barna og unglunga í vistun:

- Fjölskyldur barna í vistun einkennast lýðfræðilega séð af þáttum sem gera foreldrahlutverkið erfiðara og stöðu barnanna viðkvæmari en yfirleitt annars, þar með taldir mjög ungir foreldrar, einstæðir foreldrar, fjölskyldudeilur og örar breytingar á samsetningu fjölskyldu. Einnig má nefna andlát foreldra.
- Um er að ræða umtalsvert hækkað hlutfall fjölskyldna í útjöðrum samfélagsins og fátækar fjölskyldur, sé litið til atvinnu- og efnahagsþátta. Foreldrarnir hafa borið það skarðan hlut frá borði í menntakerfinu að mikið átak þarf til viðbótar til þess að breyta félagslegri útlökun.
- Hátt hlutfall foreldra barna í vistun er með greinda geðræna sjúkdóma sem gera má ráð fyrir að bitni á getu þeirra og orku til að sinna foreldrastarfinu.
- Hlutfall foreldra sem misnotar vímugjafa er einnig hátt en það ástand dregur úr möguleikum þeirra til þess að sinna börnum sínum og skipuleggja viðunandi daglegt líf þeirra.
- Umtalsvert hátt hlutfall foreldranna er eða hefur setið inni fyrir brot á hegningarlögum en það þýðir bæði fjarvistir þeirra og möguleg áhrif andfélagslegra viðmiða þeirra á börnin.
- Stór hluti foreldra vistaðra barna var sjálfur í vistun í æsku og hefur líklega þar af leiðandi færri fyrirmyndir um hlutverk sitt sem foreldri þegar þar að kemur í lífinu.

Niðurstöður rannsóknarinnar um líkamlega og andlega vellíðan barna í vistun eru sem hér segir:

- Börn í vistun búa oft þegar frá fæðingu við lakari líkamlegt heilbrigði en önnur börn því þau fæðast oftast með meðfædda sjúkdóma, bæklun eða litningafrávik.
- Börn í vistun þjást oftast en jafnaldrar þeirra sem ekki eru í vistun af fjölda greindra líkamlegra sjúkdóma í meðal annars eyrum og augum, meltingar- og öndunarfarum og taugakerfi.
- Miklu fleiri börn í vistun hafa fengið að minnsta kosti eina geðræna greiningu en börn sem ekki eru í vistun.

- Börn í vistun standa sig umtalsvert verr á SDQ-kvarða (alþjóðlegu skimunartæki varðandi andlegt heilsufar barna) en jafnaldrar þeirra sem ekki eru í vistun.
- Að teknu tilliti til atvinnu- og efnahagsþátta dregur nokkuð úr þessum mun en börn í vistun glíma meðal annars við stöðugt meiri hegðunarvanda og ofvirknivanda.
- Áhættuhegðun einkennir daglegt líf margra unglunga í vistun og kemur niður á bæði líkamlegu og andlegu heilbrigði þeirra. Það er til dæmis 4-5 sinnum meiri áhætta á innlögn vegna sjálfsvígstilraunar hjá börnum sem eru eða hafa verið í vistun en hjá öðru ungu fólki.
- Andlát vegna ofbeldis eða misnotkunar eru fimmfalt tíðari hjá börnum og unglingum í vistun en hjá samanburðarhópi.

Rannsóknir í öðrum norrænum ríkjum sýna að um er að ræða áþekk vandamál hjá bæði börnum og fjölskyldum og fram koma í dönsku rannsókninni.

Deilur á heimili, misnotkun foreldra og slök uppeldishæfni þeirra almennt séð eru líka miklir áhættuþættir. Það er þó einnig um að ræða börn sem alast upp í vel stæðum fjölskyldum þar sem báðir foreldrarnir hafa hlotið góða menntun en þeir hafa ekki eða gefa sér ekki tíma fyrir börnin heldur bæta fyrir sinnuleysið með peningum og gjöfum. Það er um að ræða börn sem búa við bæði líkamlegt og andlegt óöryggi og börn sem hafa orðið það erfið viðfangs á unglingsárum að foreldrarnir vilja koma þeim í vistun vegna þess að þeir ráða ekki við það verkefni sem unglingurinn er.

Umfang vistana utan heimilis

Það er ákveðnum erfiðleikum bundið að bera saman vistun utan heimilis innbyrðis á Norðurlöndum. Það er meðal annars munur á því undir hvaða löggjöf málefni barna og unglunga falla. Sem dæmi má nefna mun á því hvernig fötluð börn og unglingar eru tekin með í reikninginn hvað varðar vistanir. Börn og unglingar með geðræn vandamál eru heldur ekki skráð á sama hátt hjá norrænu ríkjunum.

Þegar staðan er borin saman hjá ríkjunum er litið á fjölda barna og unglunga sem vistaðir eru á hverja 1000. Hér kemur fram munur á milli landa og á milli ára í hverju landi fyrir sig þar sem talan er á bilinu 5-10 vistanir á hver 1000 börn og unglunga.

Sé litið til Norðurlandanna allra, er algengast að unglingar á aldrinum 13 til 18 ára séu vistaðir utan heimilis. 50-60% allra vistaðra unglunga eru á þessum aldri.

Tegundir vistana

Nokkuð mismunandi er eftir löndum hvaða lög og reglur gilda um vistun utan heimilis en á Norðurlöndum öllum er tímabundin bráðavistun utan heimilis möguleg.

Á Norðurlöndum öllum gilda reglur um sjálfviljuga vistun með samþykki foreldra. Við þannig vistanir er ekki um það að ræða að foreldrarnir gefi frá sér forræðið. Hægt er að senda börn og unglínga heim úr þannig vistunum, þó ekki á Íslandi þar sem sérstakar reglur gilda um það hvernig vistun lýkur. Í Danmörku er tekin ákvörðun um að senda barnið heim með allt að hálfis árs fyrirvara. Danir og Íslendingar nýta sér einnig þessa tegund vistana hvað mest. 93% vistana á Íslandi og 89% vistana í Danmörku eru sjálfviljugar vistanir. Í Svíþjóð eru þær um 65% allra vistana en þær eru 41% allra vistana í Noregi og 30% í Finnlandi. Í Færeyjum tekur barnaverndareftirlitið við forsjánni þegar barn er fjarlæggt af heimili.

Á Norðurlöndum öllu er hægt að setja börn og unglínga í þvingaða vistun. Sé um þvingaða vistun að ræða, þýðir það nær undantekingarlaust að forræði er tekið af foreldri/foreldrum vegna þess að dagleg umsjá verður í höndum hins opinbera og þeirra sem eiga að taka ábyrgð á barninu.

Í Noregi eru sérstök ákvæði um vistun unglínga með alvarlegan hegðunarvanda þannig að hægt er að vista þá og halda án samþykkis þeirra eða foreldranna.

Í Danmörku halda foreldrar fullu forræði við allar vistanir. Barnaverndaryfirvöld á Íslandi geta ákveðið að barnaverndaryfirvöld yfirtaki forræðið. Að öðru leyti er ábyrgð á daglegri forsjá á herðum barnaverndaraðila (fósturfjölskyldu eða sólarhringsvistunarstofnun) og foreldranna.

Í Svíþjóð og á Íslandi er líka að finna varanlega vistun hjá fósturfjölskyldu. Á Íslandi hefjast allar vistanir hjá fjölskyldu sem tilraun í að hámarki í hálfm ári.

Vistun af ýmsu tagi hjá fjölskyldu er mest notaða úrræðið í öllum norrænu löndunum. Það er hins vegar breytilegt að hvaða marki þannig vistun er beitt.

Gerð hefur verið samanburðarrannsókn á því hvernig vistun á sólarhringsvistunarstofnunum er háttáð hjá unglíngum. Hún sýnir að rúmlega 60% vistaðra unglínga í Danmörku og Finnlandi eru á sólarhringsvistunarstofnunum en aðeins 31% í Noregi og 26% í Svíþjóð. Á Íslandi eru aðeins 23% vistaðra unglínga á stofnun en 43% vistaðra grænlenkra unglínga (Bengtsson, T.T. & T.B. Jacobsen 2009).

Aðrar tölur frá Íslandi sýna að fjöldi vistaðra barna á stofnun er um 31%. Í Færeyjum er fjöldi barna vistaðra á sólarhringsvistunarstofnun aðeins 18% af öllum vistuðum börnum og unglíngum.

Fjölskylduvistun og stofnanavistun hefur verið borin saman í Svíþjóð, Noregi og Danmörku með tilliti til allra aldurshópa. Niðurstöður sýna að vistunarvenjur vegna barna yngri en 6 ára eru mjög áþekkar í Svíþjóð og Danmörku. Rúmlega 80% barnanna eru vistuð hjá fjölskyldum. Noregur sker sig úr hvað þetta varðar með því að vista nær engin börn í þessum aldursflokki á stofnunum. Hvað 6-12 ára börn varðar, sker Danmörk sig umtalsvert úr en þar er þriðjungur vistaðra barna í aldurshópnum vistaður á stofnun en einungis tæplega 10% barna í Noregi og Svíþjóð (Kirsten Holm Petersen, 2009).

Á Norðurlöndum eru börn og unglíngar vistaðir á vistunarstöðum af ýmsu tagi

Í Finnlandi er notast við fjölskylduvistun, fjölskylduvistunarheimili og ættingjavistun. Í Finnlandi er að finna margar gerðir heimila: Barnaheimili, sérstök barnaheimili, unglíngaheimili, fjölskyldumeðferðarheimili og barnheimili á vegum sveitarfélaga. Auk þess eru í boði stök herbergi og eigin heimili.

Á Grænlandi er notast við ættingjavistun, fjölskylduvistun á einkaheimilum og fjölskylduvistun í Danmörku. Þar eru einnig sólarhringsvistunarstofnanir á vegum ríkisins, sveitarfélaga eða í einkaeigu.

Í Færeyjum er notast við sólarhringsvistunarstofnanir fyrir börn með félagslega örðugleika. Einnig býðst fjölskylduvistun, bæði tímabundin og varanleg. Í Færeyjum er þar að auki hægt að vista börn og unglínga á stofnun eða með fyrirkomulagi í ætt við stofnun í Danmörku. Börn undir 14 ára aldri eru almennt séð ekki send til Danmerkur og því aðeins eru börn send þangað að tilboðið sé ekki fyrir hendi í Færeyjum.

Á Íslandi eru eftirfarandi vistunarkostir í boði: Fósturfjölskylda (varanlegar eða tímabundnar) ásamt styrktum fósturfjölskyldum (allt að 1 ári), sólarhringsvistunarstofnanir fyrir bráðainnlögn, greiningar- og meðferðarstöð, meðferðarheimili, langtímavistun á stofnun og stofnanavistun með vímuefna meðferð.

Í Noregi eru eftirfarandi vistunarkostir í boði á sviði fjölskylduvistunar: Neyðarvistunarheimili, fjölskylduvistun, styrkt fjölskylduvistun, ættingjavistun og styrkt ættingjavistun. Hvað stofnanir varðar er hægt að vista börn og unglínga á

sólarhringsvistunarstofnunum, í vímuefnameðferð, heimilis- og vinnusambýli, geðlæknismeðferð á stofnun og herbergi/íbúð með eftirfylgni.

Í Svíþjóð eru eftirfarandi vistunarkostir í boði á sviði fjölskylduvistunar: Fjölskylduvistun, bráðafjölskylduvistun og samfélagsnetsvistun. Einnig er hægt að vista unglinga á opinberri stofnun, einkastofnun eða lokaðri stofnun.

Í Danmörku er vistun á sviði fjölskylduvistunar annað hvort fjölskylduvistun, ættingjavistun eða fjölskylduvistun á vegum sveitarfélagsins. Auk þess kemur til greina vistun á sólarhringsvistunarstofnun, lokaðri sólarhringsvistunarstofnun, einkadvalarstað, í eigin herbergi, á heimavistar- og eftirskólum og í skipaverkefnum.

Vistanalengd

Ekki liggja miklar upplýsingar fyrir um lengd vistana utan heimilis. Engin marktæk gögn finnast um lengd vistana utan heimilis sem hægt er að bera saman á milli landa.

Danir hafa sett af stað umfangsmikla ferilrannsókn á öllum börnum fæddum 1995 sem vistuð er einhvern tíma á uppvaxtarárum sínum. Þegar þessi börn hafa fullorðnast, verður hægt að leggja fram mynd af vistunarmynstrinu, bæði hvað varðar breytingar á vistun, lengd hvernar einstakrar vistunar og vistunar alls utan heimilis hjá hverju barni fyrir sig.

Þó hefur nýlega verið gerð samanburðarkönnun á lengd vistana á sólarhringsvistunarstofnunum og umfang meðferðar í vistun í annars vegar Svíþjóð og hins vegar Danmörku (KREVI – Mandag Morgen). Þar var sýnt fram á að vistanir á sólarhringsvistunarstofnunum í Danmörku eru yfirleitt til lengri tíma en að kostnaður við skemmri vistanir í Svíþjóð er hærri sem getur bent til þess að umfang meðferðar á sænskum sólarhringsvistunarstofnunum sé meira.

Á Íslandi var barn að jafnaði vistað á meðferðarheimili í 161 dag árið 2010, miðað við 389 daga árið 2006.

Tillit til barns og foreldra

Öll norrænu löndin hafa nú fullgilt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og það endurspeglast líka í félagslegri löggjöf þeirra um barnavernd. Það er því kveðið á um það í löggjöf allra sex ríkjanna að börn eigi rétt á góðu lífi og að yfirvöldum beri skylda til þess að styðja barnið og foreldra þess við að gera það kleift.

Þar er vísað til þess að öll íhlutun skuli í samræmi við Barnasáttmálann eiga sér stað með hagsmuni barnsins að leiðarljósi. Löggjöf allra landanna er að miklu leyti orðuð á sama hátt um gott líf barna og þar er gerð krafa um að börn og unglingar skuli, að því marki sem mögulegt er, hafa hönd í bagga um eigin málefni. Í öllum löndunum verða unglingar aðilar að eigin málum 15 ára nema í Finnlandi en þar gerist það við 12 ára aldur.

Þrátt fyrir þetta sameiginlega yfirbragð sést, að innbyrðis munur er á þeirri þvingun og því forræðisframsali sem beitt er á Norðurlöndum. Það þýðir að einnig er munur á því hvaða aðgerðir eru í grundvallaratriðum séð álitnar vera í þágu barnsins við vistun. Aðalatriðið er hvort litið sé svo á að í grundvallaratriðum séu hagsmunir barnsins þeir sömu og foreldranna eða andstæðir þeim í vistunarmálum. Einnig má orða það svo að vandinn sé sá að til þess að gæta hagsmuna barnsins sé ekki alltaf hægt að gæta hagsmuna foreldranna en að sá vandi sé einmitt „„leystur““ með þeim möguleika að beita þvingunarvistun. Sá möguleiki er fyrir hendi á öllum Norðurlöndum, eins og menn vita þó reyndar séu menn ekki sammála á milli landa um grundvallarviðhorf sitt á tengsl hagsmuna barnsins/unglingsins annars vegar og foreldranna hins vegar. Sé litið svo á innan vistunarkerfisins að hagsmunir aðilanna falli saman, þýðir það einfaldlega að það sé í þágu barnsins að foreldrarnir haldi eins mikilli ábyrgð og áhrifum á líf barnsins og hægt er á meðan á vistun stendur. Sé það hinsvegar metið svo að hagsmunir barnsins og foreldranna stangist í megindráttum á, leiðir það einfaldlega til þess að taka skuli frá foreldrunum ákveðna hluta af ábyrgðinni á lífi barnsins á meðan á vistun stendur, í þágu barnsins.

Í þeim löndum þar sem þvinguð vistun án samþykkis (yfirtaka forræðis) er samþættur hluti vistunarkerfisins, verða andstæður í hagsmunum barns og foreldra mjög augljósar.

Þetta á við um í Finnlandi, Íslandi, Færeyjum og Noregi. Ný barnaverndarlög tóku gildi í Noregi árið 1993 og við vinnslu þeirra varð víðtæk umræða um hagsmuni barnsins og hvernig tryggja ætti það sjónarmið með tilliti til hagsmuna foreldra og samfélags. Í Noregi varð niðurstaðan sú að litið er á það sem tryggingu fyrir að lausn sé í þágu barnsins að foreldrar eða félagsmálafulltrúi geti ekki að eigin vild sent börn og unglinga heim á ný sem hafa um lengri tíma verið vistaðir utan heimilis með nauðung.

Samsvarandi fyrirkomulag er að finna í Finnlandi en þar færast forræðið ætíð yfir við vistun til lengri tíma en það þýðir að foreldrarnir geta ekki fengið barnið heim eftir því sem þeim hentar. Yfirfærsla forræðis þýðir einnig að hið opinbera tekur við ákveðnum þáttum í umönnun barnsins og að foreldrarnir missi áhrif á þá, bæði í lagalegum skilningi og í reynd.

Vistunarkerfið á Íslandi lýsir einnig þeirri skoðun sinni að til staðar séu grundvallar hagsmunaárekstrar á milli vistaðra barna og foreldra. Það birtist þannig að strax við upphafi vistunar velta menn því fyrir sér hvort þörf sé fyrir varanlega vistun. Þó er alltaf þannig farið að í upphafi að um tilraunavistun er að ræða og svo er ákvörðun tekin um varanlega vistun frá 3 mánuðum og að hámarki innan árs eftir að hún hófst.

Samkvæmt dönskum lögum er hægt að lengja vistun með ákvörðun í nefnd sveitarstjórnar um málefni barna og unglunga í allt að hálfu ári, sé samþykki um sjálfviljuga vistun afturkallað af t.d. foreldrunum eða unglungnum sjálfum. Sá möguleiki er þó sjaldan nýttur í reynd. Það er hins vegar eftirtektarvert að í Danmörku verður vart við breytingu frá því að líta á hagsmunum barns og foreldra sem sameiginlega og til þess að líta frekar svo á að þeir stangist á. Á þetta var lögð áhersla í „„Barnets Reform““ endurskoðuninni sem tók gildi árið 2011 en helsta markmið hennar var fjöldi lagabreytinga sem ætlað var að tryggja samfellu og stöðugleika gagnvart börnum og unglungum sem vistuð eru utan heimilis.

Í sænskum lögum um félagsmál er lögð mikil áhersla á meginregluna um sjálfviljuga vistun, rétt eins og í þeim dönsku, og þar er áréttað gildi þess að allar vistanir séu gerðar með samþykki viðkomandi og á grundvelli samstarfs. Einungis skal miðað við þarfir barnsins og fjölskyldunnar fyrir aðstoð og óskir þeirra um að þiggja hana, sé um sjálfviljuga vistun að ræða. Innan ramma félagsmálalaganna er litið svo á að allar aðgerðir, þar með talin vistun, sé sjálfviljug og byggist á sjálfsákvörðun og að þannig komi fram í raun hvað barninu sé fyrir bestu.

Réttur foreldra og samvistir á meðan á vistun stendur

Foreldrar á Norðurlöndum missa ekki foreldraréttinn yfir börnum sínum þegar þau eru vistuð utan heimilis. Hins vegar er nokkur munur á réttindum og skyldum foreldra varðandi forsjá og að taka ákvarðanir fyrir hönd barnsins og þar af leiðandi eru reglur um samvistir foreldra og barns í vistun nokkuð mismunandi.

Í Noregi er því þannig háttáð, þegar barnaverndaryfirvöld taka við forsjá (daglegri umsjón með barni á stofnun eða í fjölskylduvistun) gegn vilja foreldra og **Fylkesnemnda** tekur málið fyrir, að foreldrarnir halda foreldraábyrgðinni. Það þýðir að þeir hafa umboð til að taka ákvarðanir í málum sem varða trúarbrögð, val á skóla o.s.frv. þar til barnið hefur náð 15 ára aldri. Viðmiðið er að foreldrarnir hafi rétt til samvistar við barnið en **Fylkesnemnda** ræður tíðni heimsóknna.

Þegar barnið er vistað sjálfviljugt (með samstarfi barnaverndaryfirvalda og foreldra) á stofnun eða hjá fjölskyldu, afsala foreldrarnir sér daglegri umsjá þess í hendur vistunarstaðar en þeir halda þó foreldraréttinum. Lögum samkvæmt skulu vistunarstaðurinn og foreldrarnir semja um skipulag á framkvæmd foreldraábyrgðar

sín á milli (einkum hvað varðar reglur um samvistir). Reyndin er sú að barnaverndaryfirvöld gefa ráð og semja um þetta en þau geta þó ekki þvingað foreldra til að semja um ákveðna lausn.

Í Danmörku byggjast ákvarðanir sem snerta barnið (líka þær hversdagslegu) á samningi við foreldrana, burtséð frá því hvort vistun á sér stað með samþykki þeirra eða ekki. Þetta lagaskilyrði er stundum til mikilla vandræða fyrir stofnun eða fósturforeldra og vistaða barnið.

Hvað samvistirnar varðar hefur þó nýlega verið gerð breyting á danskri löggjöf og þar kemur réttur barnsins til samvista við foreldra, ættingja og félagsnet sinn í stað réttar foreldra til samvista við barnið. Réttur barnsins felur í sér að þarfir þess og óskir um samvistir koma á undan óskum foreldra um tengsl og samskipti. Hlusta skal á barnið, það haft með í ráðum um ákvarðanir um samvistir og ákvörðun skal byggjast á því sem barninu sjálfu er fyrir bestu. Auk þess hefur verið bætt við ákvæði um að hlusta á skoðun manna á vistunarstaðnum áður en ákvörðun er tekin um samvistir.

Á Norðurlöndum öllum gildir sú mikilvæga samfélagslega og réttaröryggislega ráðstöfun að yfirvöldum beri að hafa eftirlit með þeim stöðum þar sem börn og unglingar eru vistaðir, hvort sem um er að ræða sólarhringsvistunarstofnanir eða fósturforeldra. Eftirlitinu er þó háttað á ýmsa vegu í löndunum.

4. Þátttaka barna og að hlusta á börn

Í þessum kafla er gerð grein fyrir norrænum reglum og leiðbeiningum ásamt þátttöku barna og því að á þau sé hlustað í daglegu lífi þar sem þau eru vistuð utan heimilis, möguleikum þeirra á þátttöku og að semja um ýmsa þætti, samspil uppeldisfræðinga og barna og samspil barna á milli.

Börn skulu höfð með í ráðum og á þau hlustað

Börn skulu höfð með í ráðum og á þau hlustað við allar ákvarðanir sem snerta líf þeirra. Í Barnasáttmálanum er kveðið á um rétt barnsins til þess að tjá skoðun sína á einu og öllu. Börn hafa meðákvörðunarrétt, rétt til að hafa áhrif og taka þátt og þau hafa tjáningarfrelsi.

Þessi réttindi eru felld inn í félagslega löggjöf á Norðurlöndunum öllum. Í löggjöf Færeyja er það til dæmis tryggt að hlustað sé á málsaðila þegar mál er lagt fyrir barnaverndaryfirvöld. Börnin hafa þar stöðu sem málsaðili. Hlusta skal á börn sem vistuð hafa verið á sólarhringsvistunarstofnun eða hjá fósturfjölskyldu. Hlustað er á börn sem orðin eru 12 ára og 15 ára börn taka þátt í að taka ákvarðanir um sín eigin málefni. Börn sem orðin eru 15 ára eru kölluð til og sitja fundi um sínar eigin aðstæður og ákvarðanir. Börn á aldrinum 12 til 15 ára eru kölluð til og einn fulltrúa barnaverndaryfirvalda hlustar á það sem þau hafa til málanna að leggja.

Hlusta skal á börn á Íslandi sem orðin eru 12 ára og þau fá stöðu sem málsaðili þegar þau hafa náð 15 ára aldri. Barnaverndaryfirvöld ákveða hvort skuli fá sérstakan talsmann þegar mál barnsins er til meðferðar og það er að jafnaði gert þegar taka þarf ákvörðun um vistun utan heimilis. Börn og foreldrar geta fengið fjárhagsaðstoð vegna lögfræðikostnaðar, vilji þeir áfrýja ákvörðunum sem teknar hafa verið.

Í Noregi eiga börn undir 15 ára aldri eða börn án réttinda sem málsaðili rétt á talsmanni sem leggur fram sjónarmið þeirra þegar ákvarðanir eru teknar.

Eitt er bókstafur og andi laganna, reyndin er oft allt önnur. Börn þekkja ekki réttindi sín og þar er þó nokkur munur á eftir löndum. Í Danmörku vita um 40% barna mikið eða eitthvað um réttindi sín en í Finnlandi vita 69% barna að þau hafa sérstök réttindi. Það er einkum áberandi að aðeins 9% danskra barna segjast þekkja Barnasáttmálann vel. Þennan mun má einkum rekja til þess að í Finnlandi er börnum sérstaklega kennt um Barnasáttmálann í skólum.

Margar rannsóknir sýna að börnin fá ekki að koma að málum og að á þau er ekki hlustað. Danska **Ankestyrelsen** (Yfirnefnd áfrýjunarmála) hefur kannað hvernig börn og unglingar koma að málum áður en ákvörðun er tekið, til dæmis um hvort vista eigi barn eða ungling utan heimilis. Niðurstöður sýna að sveitarfélögin hafa í aðeins um 63% mála kallað á fullnægjandi hátt eftir skoðunum barnsins eða unglingsins.

Reglur dönsku löggjafarinnar

Álit barnsins

Öll börn og unglingar hafa rétt til þess að segja álit sitt á öllum ákvörðunum um aðgerðir sem þau varðar samkvæmt lögum um félagsleg málefni.

Samtöl við börn

Tvisvar á ári skal rætt við börn og unglinga í vistun. Samtölin skulu eiga sér stað á vistunarstað og helst án þátttöku starfsfólks stofnunarinnar eða fósturfjölskyldu.

Málsaðili

Börn og unglingar eru málsaðilar frá 15 ára aldri. Það þýðir að samþykki þarf að liggja fyrir um ákvarðanir. Börn yfir 15 ára aldri eiga rétt á aðstoð lögmanns.

Áfrýjunarréttur

12 ára börn hafa heimild til þess að áfrýja þeim ákvörðunum sem hægt er að áfrýja. Í reglum um áfrýjunarétt kemur fram að frá því að börn ná 12 ára aldri, geti þau kvartað yfir ákvörðunum um fyrirbyggjandi aðgerðir og vistanir, úrræðum varðandi ungt fólk (*ungepálæg*), að senda barn heim að nýju og lengd tímabils, val á vistunarstað, samvistir og tengsl.

Margar áfrýjanir fela í sér frestun, það er að ekki er hægt að framfylgja ákvörðun fyrr en áfrýjun hefur hlotið meðferð, t.d. áfrýjun vegna vals á vistunarstað, breytingu á vistun, áframhaldandi vistun sem áframhaldandi vernd, ákvarðanir um senda barn heim á ný og lengd tímabils.

Sveitarfélögin fara ekki að reglum og starfshefðum í 62% tilfella. Þau framfylgja ekki lögbundnum kröfum um að móta barnafaglega rannsókn. Ekki hefur verið útbúin aðgerðaáætlun áður en ákvörðun er tekin hjá sveitarfélaginu og það leitar heldur ekki samþykkis hjá öllum hagsmunaaðilum málsins

Í íslenskri könnun á þátttöku barna í ákvarðanaferli vistunarmála kemur fram að börn og unglingar undirrita ekki sín eigin málsgögn, jafnvel þótt þess sé krafist lögum samkvæmt.

Réttindi barnsins og vernd þess við vistun

Réttindi barna hvað varðar ákvarðanir yfirvalda eru felld inn í löggjöf norrænu ríkjanna en færri reglur gilda um réttindi þeirra á vistunarstað. Sem dæmi má nefna að aðeins í dönsku og íslensku löggjöfinni er fjallað um vellíðan barns og réttindi í vistun með ákvæði um að rætt skuli við barnið tvisvar á ári.

Norsk barnaverndarlög skera sig hins vegar úr á Norðurlöndum að því leyti að barnið hefur afdráttarlaus réttindi við vistun á barnaverndarstofnun. Barnið hefur rétt á persónulegri friðhelgi, til þess að fara um í og utan stofnunarinnar og að fá heimsókn á stofnunina. Barnið hefur líka til dæmis rétt til þess að nota síma og njóta læknismeðferðar.

Jafnvel þótt Norðmenn séu einir um það að veita barni lögbundin réttindi við vistun, þá njóta öll börn á Norðurlöndum verndar gegn valdniðslu þegar þeim er komið í fóstur. Verndin felst í því að í reglunum er að finna ákvæði um að bannað sé að beita hvers kyns valdi, þvingunum eða varðhaldi. Reglurnar kveða einnig á um að ekki sé leyfilegt að gera hluti upptæka eða framkvæma húsrannsókn á herbergjum.

Það er dæmigert fyrir reglurnar um vernd barna sem verið er að koma í fóstur, að verndin á eingöngu við um börn vistuð á stofnunum en ekki börn í fjölskylduvistun en það er algengasta vistunarformið á Norðurlöndum.

Umboðsmaður barna

Umboðsmaður barna hefur verið tilnefndur í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og á Íslandi en í Danmörku starfar barnaráð. Verkefni þessara stofnana er að vekja athygli á réttindum barna, auka þekkingu um þau og vera talsmenn barna á opinberum vettvangi.

Umboðsmaður barna (í Svíþjóð) – verkefni, skipulag og starfshættir

Umboðsmaður barna er ríkisstofnun sem ætlað er að vera málsvari réttinda og hagsmuna barna og unglunga á grundvelli Sáttmála SÞ um réttindi barna, Barnasáttmálans.

Stofnunin hefur eftirlit með því hvernig Barnasáttmálanum er framfylgt í samfélaginu og knýr á um framkvæmd hans í sveitarfélögum, Héraðs- og svæðisþingum og hjá yfirvöldum. Umboðsmaður barna getur gert tillögur til

ríkisstjórnarinnar um breytingar á sænskri löggjöf.

Eitt af mikilvægum verkefnum umboðsmanns barna er að taka þátt í umræðum í samfélaginu og hafa áhrif á afstöðu jafnt almennings sem þeirra sem taka ákvarðanir í mikilvægum málefnum sem varða réttindi og hagsmuni barna og unglunga.

Umboðsmaður barna hefur ekki eftirlitsskyldu gagnvart öðrum stofnunum en hefur lagalegt umboð til þess að kalla til málsaðila til umræðna. Lögum samkvæmt má umboðsmaður barna ekki hafa afskipti af einstökum málum en ber þó skylda til þess að tilkynna um börn sem eiga við vanda að stríða.

Umboðsmaður barna á reglubundin samskipti við börn og unglunga til þess að afla sér þekkingar á kringumstæðum þeirra og skoðunum á ákveðnum málefnum. Samskiptin eiga sér t.d. stað með heimsóknum til skóla og félaga, bréfleiddis og í símtölum. Fagráð í málefnum barna og unglunga tengjast einnig umboðsmanni barna, ýmist til lengri eða skemmri tíma.

Umboðsmaður barna skilar árlega inn skýrslu til ríkisstjórnarinnar. Þar er lýst starfsemi stofnunarinnar á árinu, aðstæðum er lýst og gerðar eru tillögur um úrbætur í málefnum barna og unglunga.

Umboðsmaður barna í Svíþjóð, Finnlandi og á Íslandi og barnaráðið í Danmörku eiga mjög margt sameiginlegt hvað varðar verkefni þau sem stofnanirnar sinna. Þær hafa eftirlit með velferð og réttindum barna, hafa áhrif á ákvarðanatöku í ljósi sjónarmiða barnsins, koma á tengslum við umhverfi barna og unglunga og kynna afstöðu þeirra, fræða um málefni sem efst eru á baugi varðandi börn og kynna þau og standa vörð um Barnasáttmála SP.

Hlutverk umboðsmanns barna í Noregi er nokkruð víðtækara. Þar geta börn og unglingar snúið sér beint til umboðsmannsins með mál sín og hann metur hvert mál fyrir sig og ráðleggur þeim sem til hans leita. Varði málið meginreglur eða fordæmi, getur norskur umboðsmaðurinn lagt fram tilmæli í því.

Umboðsmaður barna tryggir þó ekki endilega að börn njóti meiri réttinda. Barnanefnd SP hefur hins vegar bent t.d. Dönnum á að dönsk börn stæðu betur að vígi, hefðu þau ákveðinn vettvang að áfrýja til þegar mál þeirra fá ófullnægjandi meðferð.

Hinu opinbera ber skylda til þess að vera gagnsætt og ótvírætt í væntingum sínum eins og þær eru skilgreindar í lögum, reglum og leiðbeiningum um opinber verkefni og framlag. Barnasáttmálinn er mikilvæg forsenda við mótun starfseminnar og hefur áhrif á hana.

Ábyrgð Fagmannsins

Fagmenn gegna mikilvægu hlutverki við að tryggja að börn og unglingar njóti allra sinna réttinda. Barnasáttmálinn er afgerandi grundvöllur starfsemi þroskaþjálfara og það er mikilvæg forsenda starfs með börn og unglinga í áhættuhópum að þroskaþjálfinn þekki vel til Barnasáttmálans.

Sáttmálinn segir þroskaþjálfum og fagmenntuðu fólki á því sviði að starfseminu skuli skipuleggja á áþreifanlegum grundvelli þarfa hvers barns fyrir sig. Íhuga skal raunverulega stöðu hvers barns fyrir sig og sjónarmið þess tekin með í reikninginn í daglegu lífi á vistunarstað.

Dæmi frá Færeyjum

Daglegt líf á stofnunum

Hvert barn hefur tvo tengiliði á stofnunum. Tengiliðirnir bera ábyrgð á gerð meðferðaráætlana og að samdar séu tillögur og meðmæli og þau send til barnaverndaryfirvalda. Tengiliðirnir bera ábyrgð á því að allt skipulag sé í góðu lagi fyrir barnið og að tengslin séu tryggð við foreldra og ættingja, skóla, barnaverndaryfirvöld og aðrar stofnanir.

Barnið og unglingurinn mætir reglubundið í tengslatíma þar sem tryggt er að viðkomandi geti kynnt óskir sínar, væntingar og vonir. Barnið getur hvenær sem er rætt við aðra fullorðna í stofnuninni en þó gildir sú starfsregla að ákveðin atriði séu eingöngu rædd við tengiliðinn.

Barnið hefur áhrif á það hvaða íþróttir eða aðra tómskundastarfsemi það vill stunda. Starfsfólkið aðstoðar barnið við að fylgja óskum sínum eftir og að framkvæma þær.

Haldinn er húsfundur vikulega þar sem fjallað er um dagleg málefni, t.d. einelti, málfar, tilfinningar og hvaðeina það sem börnin og unglingarnir vilja ræða um. Á húsfundum er gerð mataráætlun sem börnin geta haft áhrif á en það er á ábyrgð starfsfólksins að tryggja að börnin fái hollan mat.

Starfsfólkið skipuleggur ýmsa þætti í daglegu lífi sem börnin geta svo haft áhrif á. Sem dæmi má nefna að farið er í íþróttasal einu sinni í viku og börnin taka þátt í því að velja hvað þá verður gert.

Börn og unglingar fá vasapeninga sem þeir ráðstafa sjálfir en starfsfólkið leiðbeinir þeim.

Barnið og unglingurinn fá að jafnaði sjálf að taka ákvarðanir í persónulegum málum. Stofnunin getur þó neitað barni eða unglingi um að fara út.

Bannað er að refsa börnum og unglingum líkamlega á meðan á vist í stofnun stendur og valdbeiting er líka bönnuð. Við mjög sérstakar aðstæður er þó leyfilegt að beita valdi til þess að vernda barnið og unglinginn eða önnur börn og unglínga. Tilkynna skal barnaverndaryfirvöldum um valdbeitingu.

Fagmönnum ber bæði fagleg og siðferðisleg skylda til þess að tryggja að unnið sé samkvæmt Barnasáttmálanum og þeim ber einnig skylda til þess að vekja á því athygli þegar hið opinbera uppfyllir ekki kröfur Barnasáttmálans, t.d. þegar barnið er ekki haft með í ráðum og rætt við það um sitt eigið mál.

Reynsla barna og unglínga

Í Noregi var gerð notendarannsókn (Gjerustad og Gatun) árið 2006 sem náði til 436 13 ára barna og eldri á alls 114 barnaverndarstofnunum.

Mikill meirihluti barnanna vissi hvers vegna þeim var komið í fóstur og þau fundu til öryggis á stofnuninni. Þau treystu á einn eða fleiri í hópi fullorðinna starfsmanna og fengu aðstoð við bæði tólmundastarfsemi og heimavinnu vegna skólans. Helsta niðurstaðan var sú að fá barnanna litu á stofnunina sem lokað rými. Mikill meirihluti sagðist eiga marga vini, bæði á stofnuninni og utan hennar.

Um helmingur barnanna vissi hins vegar ekki hve löng vistunin yrði og aðeins þriðjungur þekkti til áforma um hana. Tæplega þriðjungur sagðist hafa fengið upplýsingar um réttindi sín á meðan dvalist var á stofnuninni. Rannsóknin sýnir því að það er ekki einfalt að gæta réttinda barnanna þannig að þau verði óaðskiljanlegur þáttur daglegs lífs á stofnununum.

Í Noregi var nýlega (í mars 2011) gerð könnun og 800 börn, sem vistuð voru utan heimilis, voru spurð hvernig þau skynjuðu umönnun sína. Sjö af hverjum tíu börnum hafa það gott hjá fósturfjölskyldu sinni eða á stofnun. En víða er þó hægt að laga ástandið. Sem dæmi má nefna að fram kom um börn vistuð á stofnun að:

- um 4% (í fjölskylduvistun) og 15% í stofnunum finnast þau ekki hafa það gott,
- um 30% skynja ekki að þau séu örugg
- um 40% finnast þeir fullorðnu ekki hafa tíma til að sinna þeim og að rúmlega helmingur fær ekki að vita hvað skrifað er um þau í skýrslur og þess háttar,
- um 40% finnast þau ekki fá að taka þátt í ákvörðunum um mikilvæga þætti í daglegu lífi þeirra,
- mörg börn ganga ekki í skóla,

- 53% treysta þeim fullorðnu og 58% álíta að þeir fullorðnu treysti þeim.

Heimild: Barne-, ungdoms- og familiedirektoratet, Rambøll, mars 2011

Kannanir í Danmörku sýna að unglingar sem búið hafa á stofnun segjast hafa átt sínu bestu samskipti við fagmenn sem blönduðu sér í málin, ögruðu þeim og voru þeim ósammála og brugðust við þegar nauðsyn krafði. Það voru fagmenn sem jafnframt óttuðust ekki að vera skammaðir en voru tilbúnir til þess að stíga fram og sýna fyrir hvað þeir stóðu.

Börn og unglingar í vistun utan heimilis hafa, líkt og öll önnur börn, þörf fyrir stöðug og nán tengsl við fullorðna. Þau þurfa fólk sem sér þá og heyrir og tekur þá alvarlega, er til staðar og auðvelt að tala við og sem stuðlar að varanlegum, öruggum og þroskandi samskiptum. Það kallar á framlag fagmanna sem sýna börnunum raunverulegan og viðvarandi áhuga og sem setta sig við að það getur tekið langan tíma að móta góð tengsl við börn og unglinga sem glíma við vandamál.

Börn og unglingar í áhættuhópum hafa, líkt og öll önnur börn, þörf fyrir félagsskap og að minnsta kosti einn góðan vin sem þau tengjast nánum böndum og umgangast, auk vina sem hægt er að stunda áhugamál með. Það kallar á framlag fagmanna sem stuðlað geta að mótun þroskandi námsumhverfis og vináttubanda sem ekki koma þeim í nýja áhættuhópa, til dæmis glæpi, áfengi, hass, ofbeldi o.s.frv.

Í þessari starfsemi er félagslíf viðkomandi barna fyrir öllu. Danskar rannsóknir sýna að mótun þýðingarmikils samfélags barnahópsins mótar framkomu þeirra og þroskaferli. Börn á stofnunum eru í sérstakri stöðu því hin börnin eru ekki systkin þeirra, þau hafa bara fengið þau í hendur.

Börnin hafa ekki áhrif á það með hverjum þau geta verið. Það sama á auðvitað við á mörgum stofnunum samfélagsins, t.d. á sólarhringsvistunarstofnunum og í skólum, en munurinn er þó sá að börn í vistun umgangast hin börnin í stað þess að vera á einkaheimili sínu.

Þegar börn eru spurð um málefni sín og taka þátt í ákvörðunum um þau, snýst það ekki síst um að þau séu hluti af samfélaginu og heyrir til þess. Börn í vistun eiga nokkuð sameiginlegt og þau eiga samskipti sem hópur. Mikilvægt er að félagar þessa hóps eigi sér sameiginlega reynslu sem hægt er að vísa til og skapar merkingu og samhygd. Þannig myndast sameiginleg hóptilfinning og sérstök vinátta. Börnin eru trygglynd og sýna hvert öðru virðingu. Þau hjálpast að og er annt hverju um annað.

Staða barna í fjölskylduvistun er nokkuð önnur. Þau eru framandi barn í lítilli fjölskyldu sem þau eiga að verða hluti af. Þau verða fósturbróðir eða –systir barnanna í fjölskyldunni, aukabróðir eða –systir sem þarf að finna sinn stað í

samskiptum innan systkinahópsins. Það gerir miklar kröfur til fósturforeldranna sem annars vegar ber að tryggja að fósturbarnið fái fullnægjandi athygli og umönnun, en verða hins vegar að gæta þess að „gleyma“ ekki þörfum sinna eigin barna vegna þess að fósturbarnið er kannski meira krefjandi. Þeir þurfa að annast fósturbarnið en samtímis að vera vakandi fyrir stöðu sinna eigin barna og halda utan um innbyrðis samskipti þeirra og fósturbarnsins.

5. Bætt lífsgæði

Í þessum kafla er rætt um hvernig innra skipulag stofnana getur smám saman farið að hindra möguleika barna og unglunga til sjálfstæðra athafna. Líf með reglum og starfshefðum getur þróast í niðurnjörvaðar venjur á stofnun í kafla þessum. Eru dæmi um hvernig hægt sé að móta hefðir sem samsvara þörfum og réttindum barna.

Nálægt fjölskyldulífinu

Til eru ýmsar tegundir sólarhringsstofnana en þær eiga það sameiginlegt að vera heimili og dvalarstaður barna og unglunga í áhættuhópum, sem eru í hættu eða stefna öðrum í hættu og sem foreldrarnir geta af einhverjum ástæðum ekki annast. Dagleg rúttína á sólarhringsstofnun er áþekk rúttínu í fjölskyldu. Það þarf að vekja börnin, senda þau í skóla og taka á móti þeim þegar skóla lýkur, skipuleggja tómstundir, panta tíma hjá lækni og tannlækni, kaupa inn matast og fara í háttinn á föstum tíma.

Aðildarríki viðurkenna rétt barns til hvíldar og tómstunda, til að stunda leiki og skemmtanir sem hæfa aldri þess, og til frjálsrar þátttöku í menningarlífi og listum.

31. grein Barnasáttmála SB

Daglegt líf á sólarhringsstofnun er þó líka ólíkt því sem gerist hjá fjölskyldunni. Þar búa börn og unglingar með hópi jafnaldra sem yfirleitt eru stærri en venjulegur systkinahópur.

Barnahópurinn snæðir kvöldverðinn saman. Séu börn og unglingar vistaðir hjá fjölskyldu, verður vistaða barnið að deila athyglinni með börnum í fósturfjölskyldunni. Fósturbarnið býr við það að tilheyra tveimur fjölskyldum.

Þegar athafnir daglegs lífs eru staðlaðar, er hætta á því að hvunndagurinn verði að stofnanavæddu lífi.

Á sólarhringsstofnun eru börnin innan um marga fullorðna sem líta á stofnunina sem vinnustað með starfsmanna- og meðferðarfundum, vaktatöflum og rökræðum við samstarfsfólk. Vinnan á stofnuninni er skipulögð og hún stýrist af starfs- og meðferðaráætlunum og ákveðnum reglum og hefðum, vinnutíma, skipulagi tengiliða og skýrslugerð.

Sá sem barnið er fóstur hjá vinnur heima hjá sér og fóstur barnið hefur þá aðgang að fjölskyldunni allri. Umönnunarhlutverkið er samræmt fjölskyldulífinu að því marki sem mögulegt er.

Þegar stofnunin verður bara vinnustaður starfsfólks, er hætt á stofnanavæðingu daglegs lífs.

Áreitið félagslegt umhverfi

Það getur reynst börnum sem eru fóstruð í meðferðarskyni mjög erfitt viðfangs þegar daglegt líf fer að miklu leyti að snúast um sálfélagsleg vandamál þeirra. Þau búa við stöðugt eftirlit og greiningu. Í doktorsritgerð frá SFI um daglegt líf á dönskum meðferðarheimilum er því lýst hvernig börn og fullorðnir standa í samningaviðræðum um vandamál barnanna og hvernig meðferð þau skuli fá. Nær allt sem börnin gera er túlkað á einhvern hátt, líka hversdagsleg atriði á borð við það að baka köku eða spila.

Persónuleiki barnanna er stöðugt í brennidepli og afleiðingin er mjög mikiðáreiti á félagslegt umhverfi sem kostar börnin mikla orku að búa við. Þau eru einna helst í vinnu þegar þau búa á meðferðarheimili. Þau í sjálfum sér og stöðu sinni gagnvart öðrum börnum og þeim fullorðnu.

Í daglegu samhengi er ekki síður mikilvægt að gæta þess að kenna börnunum hagnýta færni, til dæmis að elda mat eða gera hreint, auk þess sem þau þurfa að fara út í samfélagið og kynna sér verðslanir, banka, vinnustaði o.s.frv.

Vandamál barnsins

Það er auðvitað hægt að lýsa börnum í vistun þannig að þau einkennast af ringulreið og skortur er á samhengi í umönnun og viðmiðum, að þau séu börn og unglingar með sálfélagsleg vandamál, þroskaraskanir og hegðunarvandamál. Þannig flokkun getur verið gagnleg þegar fólk þarf t.d. að átta sig á því hvernig erfiðleikar barnsins hafa haft áhrif á lífsferil þess. Það getur verið gagnlegt þegar sérstaka tillitssemi þarf að sýna.

En um leið getur þessi stöðuga athygli á vandamálum barnsins oft stuðlað að því að starf þroskaþjálfans byggist á því sem „að er“ hjá barninu og hvernig sú vinna þarf að vera til að allt gangi sem best upp.

Þessi flokkun getur orðið til þess að ýta því einstaklingsbundna og einstaka til hliðar vegna þess að það takmarkar væntingarnar til barnsins og afmarkar þannig hugmyndaflugið og mótun þess til þroska sem verður að móta með barnið að leiðarljósi. Flokkun barna og unglinga getur leitt til stofnanavædds lífs.

Rými til þroska

Börn og unglingar sem eru vistaðir utan heimilis eru eins og önnur börn með fjölbreyttar þarfir og þroskamöguleika í samræmi við einstaklingsbundna getu, færni og áhuga auk þeirra gagnkvæmu samskipta sem börnin og unglिंगarnir hafa notið.

Aðildarríki skulu virða og efla rétt barns til að taka fullan þátt í menningar- og listalífi, og skulu stuðla að því að viðeigandi og jöfn tækifæri séu veitt til að stunda menningarlíf, listir og tómstundaiðju.

31. grein Barnasáttmála SB

Börn og unglingar á sólarhringsstofnunum eru ekki aðeins vanvirk fórnarlömb erfiðra aðstæðna, þau eru virk og hafa þróað með sér framkomu sem þeim finnst nýtsamleg eða að minnsta kosti besti kosturinn í erfiðum kringumstæðum.

Líta verður á þær raunaðstæður, sem barnið eða unglिंगurinn er í og reyna þannig að ná valdi á möguleikum sínum, sem eru þýðingarmiklar í ljósi þess að eitthvað brást. Sé sjónum beint frá framkomu barnsins eða unglingsins sjálfs og að möguleikum hans til þroska, getur bæði faggrein okkar og þeirra sem við hana starfa einbeitt sér að því að skapa vistuðum börnum og unglिंगum rými til þroska. Með því er átt við það að skipuleggja námsferli barnanna og unglिंगanna til að leita leiða sem gangast þeim og félagslegu neti þeirra til framtíðar lítið.

Þegar unnið er að því að skapa rými til þroska ráða fjórir þættir úrslitum en þeir eru:

- að barnið og unglिंगurinn sé virkur, það er að líf þeirra einkennist af skuldbindingu gagnvart sjálfum sér og umhverfinu,
- að barnið og unglिंगurinn eigi góða félagsleg samskipti, það er að það lifi og þroskist í tengslum við aðra,
- að barnið og unglिंगurinn hafi jákvæða sjálfsmýnd, það er að hann líti á sig sem dugandi einstakling, gagnlegan og verðmætan,
- að barnið og unglिंगurinn sé sátt við eigið framlag í daglegu lífi
- að gleði sé grunntónn í lífi barnsins og unglingsins, það er líf með gefandi reynslu, öryggi og að daglegt líf einkennist af gleði.

Þess vegna þarf að beina brennidepli frá áhættuhegðun og vandamálum barnanna í daglegu lífi og að þroskamöguleikum þeirra og stofnununum sem rými til þroska.

Lokaðar stofnanir

Þegar lífinu er lifað í einangrun frá umhverfinu, er mikil hættu á stofnanavæðingu .

Sólarhringsstofnanir eru oft sakaðar um að vera lokaðar stofnanir sem lifa sínu sérstaka lífi og hafa mótað sínar eigin skoðanir um hvað sé börnum fyrir bestu. Mestur hluti daglegs lífs barnanna fer fram á stofnuninni þar sem vistuð börn og unglingar heyra að takmörkuðu leyti til samfélags barna og unglunga á staðnum og eru hluti þess.

Þetta er ekki endilega í samræmi við raunveruleikann. Tvennt má nefna sem dæmi um að sólarhringsstofnanir séu ekki einangraðar: börnin ganga í almennan skóla og þau taka þátt í tómsundum í nærsamfélaginu. Hvorki börn né unglingar líta svo á að stofnanirnar séu lokaðar og flest eiga þau vini bæði á og utan stofnunarinnar, þótt þau taki síður þátt í tómsundastarfi en fósturbörn og börn almennt séð.

Auðvitað er mikilvægt að börnum og unglingum finnist sjálfum að þau séu í góðum tengslum við umhverfi sitt. Börnin verða að hafa möguleika til að geta farið að eigin frumkvæði út af stofnuninni til að versla eða skoða umhverfi sitt, fara í heimsókn til vina eða fá þá í heimsókn á stofnunina. Tengslin við lífið utan stofnunarinnar eru í sjálfu sér lífsnauðsynleg og mjög áhrifaríkur þáttur í endurhæfingarferlinu.

Það er þó ekki endilega stofnunin sem slík sem heldur börnunum heima eða sú staðreynd að þar eru alltaf leikfélagar. Vistunin er til þess að vernda barnið og það getur því litið á dvölinna sem „hvíldarstað“ þar sem það er laust við allt vesen. Þeim mun meiri ástæða er til þess að styðja barnið í að fara út af stofnuninni.

Viðmið og reglur

Sólarhringsstofnun býr eins og aðrar stofnanir við fjölda viðmiða og reglna sem tengjast ákveðnu verkefni og starfsemi. Hún er félagslegt skipulag sem á að samhæfa atferli vistaðra barna og starfsfólks og virka bæði innanhúss og gagnvart samfélaginu. Sólarhringsstofnunin er ólík fjölskyldunni að því leyti að þar ríkir ekki yfirbragð einkalífs. Á einkaheimili getur fólk gert það sem því þóknast án eftirlits og utanaðkomandi reglna.

Það má auðvitað rökræða hvort einkaheimili uppfylli þessar væntingar um frelsi en engu að síður þrá börn og unglingar oft heimilisbrag og að honum reyna fagfólk að stefna að. Það sést af því hvernig stofnunin er skipulögð og hvernig andrúmsloftið er.

Hús eða íbúð í íbúðarhverfi, börnin hafa einkaherbergi og eldhús og dagstofa eru sameiginleg. Daglegt líf á stofnuninni á helst að líkjast sem mest daglegu fjölskyldulífi þar sem finna má kaffiilm og sjá logandi kerti í glugga, blóm á borði og nýbakaðar bollur. Það kemur líka fram í daglegri umhyggju fyrir barninu, hjálp við

heimanámið og fatnað, persónulegt hreinlæti, notalega kvöldstund og sögu fyrir svefninn.

Það er umdeilanlegt hvort þessi mynd af fjölskyldulífi er í samræmi við veruleika okkar tíma. Sum börnin sem eru í fóstri þekkja hana að minnsta kosti ekki. Það fjölskyldulíf sem vistuðu börnin þekkja er ekki endilega neitt í líkingu við það sem börn almennt búa við heima hjá sér. Kerfið hefur að minnsta kosti dæmt fjölskyldulíf þeirra úr leik. Önnur þola ekki alla þessa „umönnun og ást“ en vilja bara stað þar sem þau hafa sinn stól, rúm og borð.

Þessi uppeldislegi hugsunarháttur er samt það sem færir börnunum nýja möguleika og fyrirmyndir þegar þau upplifa og skynja að tilheyra, finna sig á heimavelli og í samfélagi þannig að þau geta lifað lífinu út frá föstum grunnpunkti. Engu að síður er daglegt líf á stofnuninni stofnanavætt.

Starfsmenn koma og fara, ný börn koma í fóstur og önnur send heim. Sólarhringsstofnanir hafa sín eigin sérstöku reglukerfi. Reglunum er ætlað að gefa barni skýra og raunhæfa mynd af því sem er ætlast af því, það fær tækifæri til þess að prófa sig áfram. En hafi reglur verið settar vegna þess að maður býr á stofnun en eru ekki í samræmi við aðstæður í samfélaginu utan stofnunarinnar, eru þær til einskis.

Reglur geta ýmist verið strangar og takmarkað athafnafrelsið eða gefið grænt ljós á að gera það sem manni hentar innan skilgreindra marka. Þær geta verið fastar eða stöðugt til umræðu, skilyrðislausar eða afstæðar. Það má lesa þær og framfylgja á ýmsa vegu, af lipurð eða hranalega. Það er hægt að samþykkja reglur og fara eftir þeim eða brjóta þær og skapa deilur. Séu mörg börn saman, getur reynst erfitt að fella reglur og viðmið að þörfum hvers einstaks barns. Sé oft skipt um starfsmenn á dag, getur það þá reynst erfitt að framfylgja reglunum á samræmdan hátt.

Heimilisreglur og viðmið á sólarhringsstofnun eiga að móta félagslegt skipulag sem færir börnunum sjálfsskilning, öryggi, réttindi og ábyrgð. Séu reglur ekki mótaðar í samræmi við þarfir barna á stofnuninni, stuðla þær ætíð að stofnanavæðingu.

Fagmenn eiga að skipuleggja námsferli barnsins í samráði við það þannig að það styðji við persónulegt þroskaferli þess. Þeir eiga að gefa börnunum tækifæri til þess að lifa sig inn í hefðbundið samfélag þannig að þeim finnist þau eiga þar heima.

Að beita nauðung

Í venjulegri fjölskyldu setja foreldrarnir mörk á grundvelli eigin sannfæringar og þess sem þau telja vera barninu fyrir bestu. Það er vel skýrt, bæði í lögum og

siðferðilega, hvaða möguleika foreldrar hafa til þess að setja mörk gegn vilja barnsins, jafnvel þótt um sé að ræða ákveðna nauðungarþætti (t.d. að klára af disknum, sækja ungling heim úr bænum, að gera húsrannsókn í herbergi unglings o.s.frv.). Foreldrarnir bera ábyrgð á barninu. Staðan er önnur á stofnun þar sem ekki er hægt að beita aðferðum foreldranna á sama hátt.

Það er erfitt að skilgreina nákvæmlega hvað ber að líta á sem nauðung. Við álítum að líta megi á allar aðgerðir sem ganga gegn vilja barns eða unglings sem nauðung í ljósi greina Barnasáttmálans um persónulegt frelsi og friðhelgi barns.

Fullorðna fólkið ber jafnframt ábyrgð á börnum og unglungum. Það þýðir að starfsmenn þurfa af ýmsum tilefnum að taka ákvarðanir um líf barnsins og standa fyrir aðgerðum sem barnið gæti sjálf verið ósammála. Málið snýst um að hafa faglegt olnbogaráymi og að geta metið aðgerðir hverju sinni með þeim sem málið varðar.

Sé um það að ræða að starfsmenn eða stofnun beiti nauðung í uppeldisskyni, þurfa íhygli og stjórnun alltaf að vera til staðar og ekki síst verða viðkomandi börn og unglingar að fá að taka þátt í mati á málavöxtum.

Reglur eru mjög mismunandi um þetta og á ýmsum stigum á Norðurlöndum en burtséð frá því ber starfsmanni skylda til þess að taka nauðung upp sem umræðuefni. Það kallar á mikilvægar siðfræðilegar og faglegar umræður um það hvernig starfið á að bæta umönnun og auk þroska viðkomandi barns og unglings.

Til hvers þarf að taka sérstakt tillit?

Verkefni fagaðilans er annars vegar að koma í veg fyrir félagslega útilokun og hins vegar að hjálpa þeim sem þegar eru utangarðs og á útjaðrinum aftur inn í samfélagið. Markmiðið er börnin og þátttaka og samþætting unga fólksins í virkt samfélag.

Börnin eiga, líkt og önnur börn, að fá tækifæri til þess að taka þátt í daglegum athöfnum og að njóta sín í tómskundastörfum, bæði innan og utan stofnunarinnar. Þau þurfa að geta tekið þátt í skipulögðu tómskundastarfi á föstum tímum í viku hverri. Þau þurfa að geta slakað á og verið í friði eða með öðrum börnum í frístundum við heimanám og tölvuleiki en verða líka að fá tækifæri til þess að umgangast starfsfólk sem hefur tíma til þess að vera með þeim. Þau þurfa að geta hitt félagana sína í frístundum til þess að hlusta á tónlist og horfa á sjónvarp en líka til þess að hanga í verslanamiðstöðinni og sjoppunni. Þau yngstu gætu haft þörf fyrir að vera bara börn og leika sér.

Stofnanir á að reka þannig að börnin geti sjálf tekið ákvarðanir um persónuleg málefni og notið samvista við aðra eins og þau sjálf kjósa, að því marki sem það samræmist aldri og þroska barnsins, markmiði með vistun og rekstrarábyrgð stofnunarinnar, þar með talið öryggi og vellíðan. Börn eiga að geta farið um á lóð stofnunarinnar og utan hennar, þó með þeim takmörkunum sem sett eru til að tryggja öryggi og vellíðan.

Lög um barnaverndarþjónustu (Barnevernloven) í Noregi

Börn á öllum aldri þurfa að komast út fyrir vegg heimilisins til þess að geta lifað sig inn í samfélagið sem þau alast upp í og náð áttum í því. Þau þurfa að læra að mynda tengsl við jafnaldra sína, nærumhverfi og fjarskyldari ættingja og viðhalda þeim með þýðingarmiklu samskiptum sem stuðla að mótun og styrkingu góðrar sjálfsmyndar.

Börn í fóstri geta gert þetta eins og aðrir en þau hafa þó kannski enn meiri þörf fyrir það. Það er bæði vegna þess að stofnanadvölin getur einangrað þau frá umheiminum og að umheimurinn á það til að mæta þeim með fordómum. Að jafnaði hafa börn sem vistuð eru utan heimilis síður tekið þátt í tómstundastarfi en önnur börn, auk þess sem reynsla þeirra af því er oft neikvæð. Þau þurfa aðstoð og stuðning til þess að vinna bug á hindrunum.

Sólarhringsstofnunin er sérhæfð þjónusta, hvort sem hún er aflokuð eða hluti af nærsamfélagi sínu. Hún er álitin vera forsenda þess að hægt sé að finna barninu eða unglingnum stað í hinu almenna samfélagi sem búið er að hafna. Stofnanalífið er eini búsetukosturinn sem býðst vistaða barninu. Vistunin sjálf hefur auk þess mikil áhrif á líf barnsins. Vistun veitir barninu tilfinningaleg sár. Taka þarf sérstakt tillit til beggja þessara þátta.

Hið hversdagslega líf á stofnun er ramminn utan um líf barnanna og það á að koma í staðinn fyrir fjölskyldulífið og/eða vera viðbót við það til lengri eða skemmri tíma. Það er umhverfi til mótunar og aukins þroska sem á að færa börnum í fóstri sömu möguleika til þess að þroskast líkt og önnur börn búa við. Þegar vistunin er hluti af meðferðar- eða endurhæfingarferli er áhersla lögð á vanda barnsins og forsögu þess. Forsenda þess að þetta ætlunarverk takist er að hið hversdagslega auðveldi börnunum líf sitt. Með því er átt við að barnið verður að geta haft yfirsýn yfir hið daglega líf sitt. Daglegt líf barnanna á stofnuninni þarf að vera trúverðugt og einkennast af gleði, kátínu og ímyndunarafli.

6. Þemu – valkreppur og vandamál

Í síðasta kaflanum er lokaumræða um hvernig munurinn er á milli hugsjóna og skilyrða í raunheiminum. Hvað getur þroskaþjálfinn gert, við hvaða dæmi um valkreppu glímir hún? Hvað bindur hendur hennar? Kaflinn endar svo með spurningalista sem ætlaður er til rökræðna á vinnustöðum.

Boðskapur rits þessa er að Barnasáttmáli SP eigi það skilið að vera dreginn fram í dagsljósið og fá mjög aukinn slagkraft. Það verður að samþætta hann norrænni löggjöf og stjórnskipulagi í miklu meira mæli en nú er gert. Ekki er nóg að réttindi barna séu felld inn í löggjöf á Norðurlöndum hvað varðar ákvarðanatöku yfirvalda. Þegar börn eru til dæmis vistuð utan heimilis ættu þau, líkt og gerist í Noregi, að fá afdráttarlaus réttindi í vistuninni.

Umboðsmaður barna ætti að starfa í öllum norrænu ríkjunum. Umboðsmaðurinn þarf að draga athygli almennings að réttindum barna og miðla fræðslu um þau, vera talsmaður barna á opinberum vettvangi og auk þess að gæta þess að Barnasáttmálanum sé framfylgt. Börn og unglingar ættu að geta áfrýjað málum sínum til umboðsmannsins.

Þetta ætti að öllu jöfnu að tryggja réttindi barna en það verður þó áfram verkefni hvers þroskaþjálfara og vinnustaðar að tala máli barnsins og vera fulltrúi þess. Sú skylda getur leitt þess að bæði þroskaþjálfinn og sá sem annast barnið lenda í deilum við yfirvöld þau sem taka ákvarðanir. Því ætti að slá því föstu í löggjöfinni að yfirvöldum beri skylda til þess að ræða við bæði þroskaþjálfara og þann sem annast barnið um málefni þess.

Hverjum þeim sem kemst á snoðir um vanrækslu og illa meðferð barna og unglinga ber skylda til þess að tilkynna það félagsmálayfirvöldum. Þroskaþjálfar hafa líkt og aðrir faghópar aukna tilkynningaskyldu. Hún byggist á ákvæðum Barnasáttmálans um að ríkinu sé skylt að vernda börn gegn hvers kyns misneytingu af hálfu foreldra og annarra.

En til hvaða ráða grípa þroskaþjálfar og annað fagfólk þegar kerfið, það er ríkið og félagsmálayfirvöld, bregðast skyldum sínum?

Á Norðurlöndum öllum eru fyrir hendi áfrýjunarstofnanir þar sem borgarar geta áfrýjað opinberum ákvörðunum, til dæmis í barnaverndarmálum. Einnig gilda breytilegar reglur um að hlusta skuli á þroskaþjálfara/fagaðilan.

Staðan er þó nokkuð önnur þegar kemur að möguleikum þroskaþjálfra og annars fagfólks til þess að tjá sig um aðstæður sem ekki eru í lagi, án þess að það bitni á starfi þeirra og áframhaldandi starfsferli. Opinberir starfsmenn mega tjá sig, líkt og aðrir borgarar, og leggja sitt af mörkum til opinberrar rökræðu með þekkingu sinni og sjónarmiðum. Margir þeirra sem tjá sig hafa þó fundið fyrir neikvæðum afleiðingum þess í starfi og aðrir tjá sig ekki af sömu ástæðu.

Tryggja þarf þroskaþjálfum og öðru fagfólki betri möguleika til þess að tjá sig. Fagfélög þeirra gegna mikilvægu hlutverki gagnvart þeim sem mega tjá sig um aðstæður á vinnustað.

Barnasáttmálinn gerir margháttáðar kröfur til starfshátta og starfsemi þroskaþjálfra/fagaðalans en hann gerir líka kröfur til umgjafarinnar. Við höfum sérstaklega tilgreint 3. grein sáttmálans þar sem því er slegið föstu að aðildarríki skuli tryggja að stofnanir, þjónusta og þeir sem ábyrgð bera á umönnun eða vernd barna, skuli uppfylla þá staðla sem til þess bær yfirvöld hafa sett, ekki síst hvað varðar öryggi, heilbrigði, fjölda og hæfni starfsmanna og faglegt eftirlit.

Allt þetta gerir miklar kröfur til stefnu opinberra yfirvalda og þeirra sem taka ákvarðanir, hvort sem þeir eru pólitískt kjörnir eða embættismenn. Þeim ber skylda til þess að tryggja að aðstæður séu í lagi.

Réttur barna til að þroskast – skólaganga, tómstundir, leikur og fræðsla

Í hnattrænu þekkingarhagkerfi þar sem ríkin keppast um að tryggja sér hæfustu einstaklingana, er það mikilvægara en nokkru sinni fyrr að veita öllum börnum og unglíngum bestu fáanlegu skólavist og menntun. Baráttan fyrir sigri í þekkingarkapphlaupinu veldur því að sum börn og unglíngar hrósa sigri en aðrir missa af lestinni, takist okkur ekki að móta menntakerfi sem búið getur alla undir þátttöku í samfélaginu.

Í því kapphlaupi eru þau börn og unglíngar líklega í mestri hættu að verða undir sem ekki líður vel, búa við örðugleika eða sem ekki tekst að laga sig að umhverfi sínu. Því þarf að tengja saman leikskóla og skóla, forvarnaraðgerðir og vistunarstaði í námssamfélag fyrir alla, umhverfi þar sem litið er á nám sem þátttöku og nærsamfélagið sem rými fyrir líf og nám barna. Þetta kallar á virkt gagnkvæmt samstarf fagfólks, frjálsra félagasamtaka og hins borgaralega samfélags.

Þroskaþjálfar/fagfólk gegna ekki síst miðlægu hlutverki í þessari þróun. Margir einstaklingar bera ábyrgð á vistaða barninu en þroskaþjálfinn ber eðlilega yfirábyrgð

á lífi barnsins í vistuninni. Einungis er hægt að tryggja rétt barna til skólagöngu, tómstundastarfsemi og samvista við félagi með þverfaglegu samstarfi.

Öllum samstarfsaðilunum ber skylda til þess að spyrja bæði sjálfa sig og hverja aðra þess hvort fyrir hendi sé stofnanalegt samspil sem í raun kemur í veg fyrir að barnið geti sótt skóla, átt tómstundir, leikið sér og aflað sér upplýsinga. Það dregur þó ekki úr ábyrgð starfsfólks í leikskólum, skólum, við forvarnarðagerðir eða í sólarhringsvistunarstofnunum á því að íhuga hvað það mótar sjálft af stofnanalegu útilokunarsamspili í sínu félagslega skipulagi.

Tillögur að umræðuefnum

Hvaða hindranir eru á vegi þverfaglegs samstarfs og utan hefðbundinna ramma, við frjáls félagasamtök og borgaralegt samfélag, og ekki síst: Hvernig ryðjum við þeim úr vegi?

Hvernig getum við skipulagt tilboð okkar þannig að það nýtist öllum börnum og unglingum, bæði þeim sem tekst að laga sig að samfélaginu og hinum, og virki þá til mennta og þátttöku í samfélaginu?

Vistunarstað ber skylda til þess að laga sig að barninu, einstaklingseðli þess og því gildismati sem það hefur öðlast í lífi sínu og umhverfi

Barnið hefur rétt á því að vera það sem það er og svo er það líka barn eins og önnur börn sem þurfa á hjálp að halda til þess að koma á skipulagi og áætlunum í daglegu lífi sínu. Þau þarfnast hagnýts stuðnings eða fræðslu til þess að geta sinnt athöfnum daglegs lífs.

Kjarninn í starfi fagaðilans er hið hversdagslega amstur, daglegt líf með samspili barna og þroskaþjálfar þar sem allir eiga ákveðnu hlutverki að gegna og föst verkefni og eru gagnkvæmt háð hvert öðru. Þetta er daglegt líf sem börnin taka þátt í og fá að segja sína skoðun á, daglegt líf þar sem bæði er rými fyrir einkalíf og heimsóknir ættingja og vina. Tími gefst til þess að vera á ferli, bæði í og utan stofnunar.

Þroskaþjálfar/fagaðalans á sólarhringsvistunarstofnunum og öðrum dvalarstöðum verða sífellt að spyrja sjálfa sig og aðra þess hvort störf þeirra sem þroskaþjálfar uppfylli kröfur Barnasáttmálans.

Tillögur að umræðuefnum

Er Barnasáttmálinn greinilega notaður hversdagslega? Þekkja börnin réttindi sín og hafa fengið fræðslu um þau? Hvernig styður stofnunin börn og unglinga í að notfæra sér þau?

Fá börnin að segja skoðun sína, gefst þeim tækifæri til þess að tjá tilfinningar sínar og sjónarmið? Fá börnin að taka þátt í ákvörðunum sem varða þeirra eigið líf? Hafa þau frelsi til þess að tjá sig og afla sér upplýsinga? Hvernig er réttur þeirra til einkalífs tryggður í daglegri starfsemi stofnunarinnar?

Starf þroskaþjálfra/ fagaðalans og framlag á að byggjast á virðingu fyrir reisu og friðhelgi barnsins og unglingsins og tryggja vernd og sérstaka umönnun og stuðning

Þroskaþjálfinn/fagaðilinn stuðlar ekki bara að samveru í þeim tilgangi „,„að vera saman“. Þroskaþjálfar vinna með og fyrir börn sem búa við þær aðstæður og úrvinnslu úr þeim að hægt er að bæta líf þeirra. Oft er um að ræða börn og unglinga sem tamið hafa sér framkomu sem hentar þeim en sem stofnar til átaka við umhverfið.

Þroskaþjálfinn á einnig að framfylgja nákvæmlega skipulögðum uppeldisfræðilegum markmiðum og aðgerðaáætlunum sem vistunaryfirvöld hafa ákveðið. Þetta markvissa starf gerir kröfur til þroskaþjálfra um meðvitað og faglega rökstutt framlag.

Það þýðir að setja þarf sér markmið og verkefni í ljósi þroskaþjálfrafræðinnar og að þroskaþjálfinn verður að finna sér hlutverk í þeirri valþröng sem það er að veita barninu eins mikið frelsi og mögulegt er en um leið að sinna stjórnun þroskaþjálfans í daglegum athöfnum.

Tillögur að umræðuefnum

Hvar liggja mörkin á milli réttar barnsins til einkalífs og verndar þess og ábyrgðar á þroska þess og hegðun?

Hvert sækja þroskaþjálfar lögmæti sitt þegar unglingur í vistun vill reykja hass eða vaka fram yfir miðnætti?

Hve oft fela þroskaþjálfar sig að baki stofnanavæddum reglum um hvað má og ekki má á stofnuninni?

Börn vistuð utan heimilis hafa rétt til þess að viðhalda tengslum við báða foreldra sína

Um það ríkir almenn eindrægni að eigi vistun að skila árangri, verði fagfólkið að hlusta á foreldrana og fá þá að borðinu sem jafnrétt háa þátttakendur, þó án þess að það komi niður á þörfum barnsins.

Þetta getur óneitanlega leitt til ýmissa átaka og úlfakreppu. Þroskaþjálfar bera ábyrgð á daglegri umsjón með barninu á meðan á vistun stendur en þeim ber jafnframt að sinna því þannig að foreldrar haldi ábyrgð sinni og rétt til þess að framfylgja foreldrahlutverkinu. Hvernig tryggir þroskaþjálfinn að réttinda barnsins sé gætt við þannig dreifingu á ábyrgð?

Ef skólinn vill fá úrskurð og nær ekki sambandi við foreldrana, á hann að leita til þroskaþjálfans eða þess sem barnið er vistað hjá? Hver ákveður hvort barnið megi láta húðflúra sig eða gata?

Það er verkefni fagaðilans að vinna með tengsl barns og foreldra og jafnframt að tryggja að ekki sé brotið á því (á ný). En hvað ef barnið segist ótvírætt ekki vilja umgangast foreldra sína? Hvernig á að greiða úr samskiptavanda við foreldrana og móta eitthvað sem skilað getur árangri til framtíðar litið? En það má líka snúa spurningunni við. Hvað ef barnið segist ótvírætt ekki vilja umgangast skólatengilið sinn? Hvernig taka börnin þátt í vali á skólatengilið?

Þegar þessum spurningum hefur verið svarað, er jafnframt ástæða til þess að bæði þroskaþjálfinn og sá/sú sem barnið er vistað hjá spyrji sig þess hvort til staðar sé gangvirki sem hindrar tengsl barns og foreldra. Er framlagið skipulagt þannig að rými sé fyrir tengslanet barnsins? Er hlustað á foreldrana og eru þeir kallaðir til sem þátttakendur?

Umræðuefni

Hvernig er best að sýna foreldraábyrgðinni tillit og að virða og tryggja það sem barninu er fyrir bestu án þess að það fyrrnefnda komi í veg fyrir það síðarnefnda og þannig að tengslum sé við haldið?

Öll börn og unglingar hafa rétt til gæðalífs í æsku

Tala þarf máli þeirra og athygli vakin á réttindum þeirra og þörfum. Það er verkefni ætlað fagaðilans og samtökum þeirra. Sé barn vistað utan heimilis, þarf það að hafa sömu möguleika til að þróast sem persóna, þroskast og búa við heilbrigði og önnur börn, það er að hafa eðlilega æsku.

Það er hægt að gera fjölmargt til þess að tryggja heimilislega umgjörð á stofnuninni. Hægt er að fella hrynjandi daglegs lífs og hversdagsleg verkefni sem best að hefðbundnu fjölskyldulífi. Það verður þó aldrei venjulegt líf að búa á sólarhringsvistunarstofnun með mörgum öðrum börnum og fullorðnum eða að vera að komubarn hjá fósturfjölskyldu. Það er óvenjulegt.

Það er ekki hægt að tryggja rétt barna til þroska, meðákvarðana og verndar eingöngu á yfirskipuðu samfélagslegu stigi, mál þarf að leysa gagnvart hverjum og einum. Þegar það er gert, gegna ekki síst þroskaþjálfar miðlægu hlutverki. Það hlutverk vekur upp margar spurningar.

Maður einn var vistaður á barnaheimili upp úr 1960. Honum hefur tekist að ná fótfestu í samfélaginu og ná góðum árangri þar, þrátt fyrir erfitt tímabil með misþyrmingum á barnaheimilinu en hann sagði í viðtali þegar hann heimsótti staðinn hálfri öld síðar: „„Vitið þið hvað mér finnst vanta í líf mitt? Mig vantar æskuna“.

Þegar börn eru vistuð utan heimilis síns alast þau upp við sérstök skilyrði þar sem hið opinbera ræður yfir þeim, fósturfjölskyldan eða sólarhringsvistunarstofnunin ber ábyrgð á uppeldinu og þau umgangast ekki foreldra sína daglega. Við erum þeirrar skoðunar að þegar þessi börn og unglingar verða fullorðin eigi þau að geta sagt sem fyrrveandi vistuð börn: „„Vitið þið hvað? Mér finnst að æska mín hafi verið óvenjuleg en þó góð“.

Tillögur að umræðuefnum

Hvaða áhrif hefur það á fagaðilans að vera í þeirri stöðu að bera bæði ábyrgð á félagslegum tengslum barnsins og lagalegum skyldum gagnvart vinnuveitanda? Hvernig er hægt að beita faglegu mati í því spennusviði?

Hvernig er hægt að sameina uppvöxt við sérstakar aðstæður venjulegri æsku þannig að úr verði óvenjuleg en þó góð æska?

Umræður geta styrkt fagkunnáttuna

Hér og þar í ritinu og hér að ofan hafa spurningar verið lagðar fram til umræðna í hópi þroskaþjálfra og á vinnustöðum. Þannig umræður munu án efa styrkja fagkunnáttu og færni.

Umræður gætu hafist með eftirfarandi spurningum og tillögum:

1. Ræðið rétt barnsins á vernd og þroska og meðákvörðunarrétt þess:

- Hvernig skilur þú og samstarfsfólk þitt þennan rétt?
 - Hvernig kemur hann fram í sameiginlegu starfi þroskaþjálfanna?
 - Finnið raundæmi um þroskaþjálfraðileg verkefni og ræðið hvernig ákveðin aðgerð eða aðstæður sýna vægi meginreglnanna.
2. Veljið þær greinar í Barnasáttmála SP sem varða ykkur og vinnustaðinn beinlínis og ræðið hvernig hægt sé að hrinda þeim í framkvæmd með tillit til samfélagsins, yfirstjórnar og í samskiptum þínum við barnið. Ræðið hlutverk þroskaþjálfans og ábyrgð hvað þetta varðar.
3. Ræðið í ljósi eigin hugmynda um hvað heimili er:
- Hvernig birtist eðlisræn umgjörð á vinnustað og hvernig virkar hún með tilliti til þess að virða verður að staðurinn er heimili barnanna?
 - Hvernig er orðanotkun háttáð í vinnu og föstum verkefnum í ljósi þess að virða skal að við komum í stað heimilis og fjölskyldu?
 - Hvernig er hægt að gera stofnunina heimilislega? Hvað stuðlar að því og hvað dregur úr því að hún sé heimilisleg?
4. Ræðið skilning ykkar á hugtökunum þátttaka og samfélag fyrir alla?
- Hvernig er hægt að styrkja þátttöku barns og unglings og aðild að samfélagi fyrir alla með þroskaþjálfastarfseminni?
 - Hvaða hlutverk þarf þroskaþjálfinn að hafa og hvaða hæfni þarf hann að hafa til að bera?
5. Ræðið hvernig þið samstarfsfólkið getið hugsað þroskaþjálfastarfsemina upp á nýtt og hvaða leiðir koma til greina við að skipuleggja starfið þannig að Barnasáttmálinn sé nýttur í daglegu starfi:
- Hvað viljið þið gera hér og nú?
 - Hvernig á að skipuleggja starfið til aðeins lengri tíma litið?
6. Ræðið hvernig skipuleggja eigi þroskaþjálfastarfsemina þannig að þið samstarfsfólkið getið framfylgt markmiðum og kröfum Barnasáttmála SP:
- Hvað er hægt að gera innan núverandi umgerðar?
 - Hvað þarf til af nýjum fyrirkomulagi og úrræðum?
7. Ræðið eftirfarandi málefni í fagsiðfræðilegu samhengi:
- Ræddu aðstæður og atvik sem hafa verið móðgandi eða erfið fyrir þig í tengslum við friðhelgi barns eða rétt þess,
 - Ræddu aðstæður og atvik sem þú hefur átt hlut að og fundist vera erfið eða sett þig í valkreppu vegna eigin siðferðis og viðmiða:
 - Hvernig tókstu á við þessar áskoranir?

- Hvernig skilgreinir þú og samstarfsfólk þitt þvingun í daglegu lífi í samskiptum ykkar við barnið?
- Ræðið þið þröskuldinn fyrir því sem þú og samstarfsfólk þitt skilgreina sem þvingun? Ætti að ræða hann?
- Hefur framkoma þín við og eftir þvingunaraðgerðir verið til umræðu? Á hvaða hátt tekur barnið eða unglingurinn þátt í þeirri umræðu?
- Ræðið hvort þér og samstarfsfólki þínu finnst það vera ábyrgt sem einstaklingar fyrir því fræðilega starfi þroskaþjálfna sem unnið er og þeirri umhverfismeðferð sem stofnunin hefur ákveðið?

Tillögur að fleiri umræðuefnum

Ræðið þemað samskipti

Hvernig er samskiptum barna og þroskaþjálfna háttað og hvaða mál og þemu einkenna dagleg samskipti þeirra? Eiga tjáskipti sér stað þannig að börnin skilji hvað fjallað er um og eigi aðild að þeim? Sækja börnin fasta fundi þar sem þau ræða stöðu sína og fá upplýsingar um það sem framundan er? Heldur þú að börnin skilji það svo að þroskaþjálfarnir/fagaðilar vinni saman um það að hjálpa þeim?

Ræðið þemað þátttaka

Mega börnin taka þátt í ákvörðunum og hafa áhrif á mikilvæg mál sem varða þau og stöðu þeirra? Fá börnin tækifæri til að taka þátt í ákvörðunum um það sem þau eiga að fá aðstoð við? Fá börnin að taka þátt í að ákveða reglur og starfshefðir á stofnuninni?

Ræðið aðgengi og stuðning

Er gott aðgengi að þroskaþjálfunum og hjálpa þeir börnunum með ýmislegt tilfallandi? Hjálpa fagaðilanum til við að bæta tengsl barnanna við fjölskylduna? Hjálpa þroskaþjálfarnir börnunum við skólagönguna, að eignast nýja vini og við tómstundastörf? Hjálpa þroskaþjálfarnir börnunum við að ná sambandi við félagsráðgjafann sem annast málefni þeirra hjá sveitarfélaginu og tryggja að þar sé vel staðið að málum?

Socialpædagogernes Landsforbund

Brolæggerstræde 9

DK-1211 København K

Sími: (+45) 7248 6000

sl@sl.dk

www.sl.dk